

VIÐSKIPTAÞING ÍSLAND 2015





Fleiri flögnum Viðskiptaþingi eru birtir á síðu 84

BOÐBERI NÝRRA OG FRJÓRRA HUGMYNDA

Viðskiptaráð Íslands var stofnað 17. september 1917 sem samtök verslunar, iðnaðar og siglinga. Ráðið hefur frá upphafi verið frjáls vettvangur félaga, fyrirtækja og einstaklinga. Aðild að Viðskiptaráði Íslands er frjáls, en víða erlendis tíðkast skylduaðild að viðskiptaráðum.

Sem heildarsamtök viðskiptalífsins starfar Viðskiptaráð óskipt að hagsmunum allra sem stunda viðskipti. Það er eitt öflugasta tæki viðskiptalífsins í baráttunni fyrir úrbótum á almennu rekstrarumhverfi fyrirtækja og bættum starfsskilyrðum með jafnræði, frjálsa samkeppni og heilbrigða viðskiptahætti að markmiði

Viðskiptaráð hefur verið í farabroddi nýrra hugmynda sem miða að auknu frelsi í viðskiptum og stuðla að alhliða framförum allt frá stofnun árið 1917. Á þessum vettvangi hafa oft komið fyrst fram hugmyndir um umbætur í efnahagslífinu sem þótt hafa róttækar þá en sjálfsagðar nú.

Viðskiptaráð rekur tvo skóla, Háskólann í Reykjavík og Verslunarskóla Íslands og ráðið hefur um langt skeið sett menntamál á oddinn í starfsemi sinni.

Viðskiptaráð er umsagnaraðili varðandi alla lagasetningu á sviði efnahags- og viðskiptamála og hefur frumkvæði að lagabótum.

Viðskiptaráð er hlekkur í keðju 11.000 viðskiptaráða um allan heim.

Með því að gerast aðili að Viðskiptaráði Íslands getur þú tekið þátt í að móta nýjar hugmyndir sem auka árangur fyrir Ísland um leið og fyrirtæki þitt fær gott tækifæri til að efla bæði innlent og alþjóðlegt tengslanet sitt.

„ÍMYNDUNARAFL ER YFIRSTERKARA PEKKINGU“

„IMAGINATION IS MORE IMPORTANT THAN KNOWLEDGE“

ALBERT EINSTEIN (1879 - 1955), NÓBELSVERÐLAUNAHAFI OG EDLISFRÆÐINGUR

VIÐSKIPTAPING
ÍSLAND 2015

FRAMTÍÐARHÓPUR VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

Síðastliðið hálf ár hefur Viðskiptaráð í samvinnu við Háskólann í Reykjavík fengið fjölmarga forystumenn úr íslensku viðskiptalífi, háskólum og menningarstofnunum til að ræða framtíð Íslands. Afrakstur þessara funda er kynntur í þessari skýrslu en tilgangurinn er að draga fram skýra sýn á framtíðina í ýmsum málaflokkum.

Stjórn Viðskiptaráðs Íslands telur þannig mikilvægt að virkja saman aðila af mismunandi sviðum samfélagsins og stuðla að því á breiðum grundvelli að

mörkuð sé framtíðarstefna á sem flestum sviðum samfélagsins. Hugmyndavinna fór fram undir stjórn Þórs Sigfússonar, forstjóra Sjóvá, og fundum framtíðarnefndar stýrði dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík.

Þær hugmyndir sem fram koma í skýrslunni eru byggðar á afrakstri fundanna og endurspegla aðeins skoðanir Viðskiptaráðs Íslands en þurfa ekki að endurspegla skoðanir einstaka fundarmanna í framtíðarhópi Viðskiptaráðs.



**ÁGÚST
GUÐMUNDSSON**
STJÓRNARFORMAÐUR
BAKKAVÖR GROUP HF.



**BALDUR
GUÐNASON**
FORSTJÓRI
EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS HF.



**BJARNI
ÁRMANNSSON**
FORSTJÓRI
ÍSLANDBANKI HF.



**BRYNJÓLFUR
BJARNASON**
FORSTJÓRI
SÍMINN HF.



**ELFAR
AÐALSTEINSSON**
ATHAFNAMÁÐUR
PROSPECTUS



**ERLENDUR
HJALTASON**
FORSTJÓRI
EXISTA EHF.



**FINNUR
INGÓLFSSON**
FORSTJÓRI
VÍS HF.



**DR. GUÐFINNA S.
BJARNADÓTTIR**
REKTOR
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK



**GUNNAR PÁLL
PÁLSSON**
FORMAÐUR
VR



**HAFTHÓR
HAFSTEINSSON**
FORSTJÓRI
AIR ATLANTA



**HJÁLMAR
RAGNARSSON**
REKTOR
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS



**HREIÐAR MÁR
SIGURÐSSON**
FORSTJÓRI
KAUPTHING BANKI HF.



**HÖÐUR
ARNARSON**
FORSTJÓRI
MAREL HF.



**JAKOB
SIGURÐSSON**
FORSTJÓRI
SÍF



**JÓN KARL
ÓLAFSSON**
FORSTJÓRI
ICELANDAIR



**KATRÍN
PÉTURSDÓTTIR**
FRAMKVÆMDASTJÓRI
LÝSI HF.



**KRISTÍN
JÓHANNESSDÓTTIR**
FORSTJÓRI
GAUMUR



**MAGNÚS
SCHEVING**
FORSTJÓRI
LATIBÆR EHF.



**MARGRÉT
GUÐMUNDSDÓTTIR**
FORSTJÓRI
ICEPHARMA HF.



**MARGRÉT
SANDERS**
FRAMKV.STJ. REKSTRAR
DELOITTE HF.



**RÓBERT
WESSMAN**
FORSTJÓRI
ACTAVIS GROUP HF.



**SIGURÐUR GÍSLI
PÁLMASSON**
ATHAFNAMADUR



**STEFANÍA K.
KARLSDÓTTIR**
FV. REKTOR
TÆKNIHÁSKÓLI ÍSLANDS



**SVAFA
GRÖNFELDT**
ADSTOÐARFORSTJÓRI
ACTAVIS GROUP HF.



**TINNA
GUNNLAUGSDÓTTIR**
LEIKHÚSSTJÓRI
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



**ÞORVALDUR
ÞORSTEINSSON**
FORSETI
BANDALAGS ÍSLENSKRA
LISTAMANNA



**ÞÓR
SIGFÚSSON**
FORSTJÓRI
SJÓVÁ HF.



**ÞÓRÐUR MÁR
JÓHANNESSON**
FORSTJÓRI
STRAUMUR-BURÐARÁS
FJÁRFESTINGABANKI


ÍSLAND 2015

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS BEITIR
SÉR FYRIR ÞVÍ AÐ Á ÁRINU 2006
FARI FRAM UMRÆÐA Á ÝMSUM
SVIÐUM ÞJÓÐLÍFSINS UM
LANGTÍMASTEFNUMÓTUN FYRIR
ÍSLAND.

MEÐ ÞAÐ AÐ LEIÐARLJÓSI HEFUR
VÍ SKIPULAGT FUNDI MEÐ
FYRIRTÆKJUM, STOFNUNUM,
AÐILUM ÚR MENNINGARLÍFINU OG
HÁSKÓLUM TIL AÐ SKAPA
MARGHÁTTAÐA UMRÆÐU UM
ÍSLAND ÁRIÐ 2015.

ÍSLENSKT VIÐSKIPTALÍF ER Á FERÐ
Í ÁTT TIL FRJÁLSARI OG
SKILVIRKARI VIÐSKIPTAHÁTTA.
MARKMIÐ VINNUNNAR ER AÐ
VARÐA ÞESSA LEIÐ MEÐ ÞVÍ AÐ
SETJA OKKUR MARKMIÐ UM ÞAÐ
HVAR VIÐ VILJUM VERA ÁRIÐ 2015.
MARKMIÐIN EIGA AÐ VERA HÁLEIT
EN RAUNHÆF OG VONIR STANDA
TIL ÞESS AÐ ÞAU MARKMIÐ MUNI
NÁST. EINS OG SJÁ MÁ AF LISTA
YFIR ÞÁ SEM ÞÁTT TÓKU Í STARFI
FRAMTÍÐARHÓPSINS ER UM AÐ
RÆÐA FJÖLBREYTTAN HÓP MANNA
OG KVENNA AF SVIÐI VIÐSKIPTA,
FRÆÐA OG LISTA.

FÓLK AF ÞESSUM SVIÐUM
ÞJÓÐLÍFSINS NÁLGAST
VIÐFANGSEFNI AF ÞESSU TAGI MEÐ
MJÖG ÓLÍKUM HÆTTI. ÓLÍK NÁLGUN
ER MIKILVÆG TIL AÐ SEM SKÝRUST
SÝN KOMI Í LJÓS. SKÝRSLAN
KEMUR INN Á FJÖLMÖRG SVIÐ EN
ER ÞÓ ENGAN VEGINN ÆTLAÐ AÐ
VERA TÆMANDI UM ÞAÐ HVERNIG
ÞJÓÐFÉLAGIÐ Á AÐ VERA. FYRST
OG FREMST ER ÆTLUNIN AÐ TÆPA
Á ÞEIM SVIÐUM SEM MIKILVÆGUST
ERU VIÐSKIPTALÍFINU.



REYKJAVÍK, FEBRÚAR 2006

ISBN 9979-9635-6-5

RIT PETTA MÁ AFRITA MEÐ LEYFI VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

Við þakkar þátttakendum í framtíðarhóp fyrir gott samstarf og minnir á að með þátttöku felst ekki endilega að einstakar skoðanir eða ályktanir sem settar eru fram í skýrslu til Viðskiptaþings 2006 séu í samræmi við sjónarmið allra þeirra sem tóku þátt í gerð hennar. Allt efni skýrslunnar er á ábyrgð Viðskiptaráðs Íslands.



RITSTJÓRN SKÝRSLUNNAR VAR Í HÖNDUM

Þórs Sigfússonar

Davíðs Þorlákssonar

Erlu Ýrar Kristjánsdóttur

Halldórs Benjamíns Þorbergssonar

Höllu Tómasdóttur

Sigríðar Á. Andersen

EFNISYFIRLIT

1.	HVERNIG Á ÍSLAND AÐ VERA ÁRIÐ 2015?	15
1.1	Ísland verði samkeppnishæfasta land í heimi	17
1.1.1	Frelsislandið Ísland	19
1.1.2	Íslendingar verði jafnvígir á íslensku og ensku	20
1.1.3	Stöðugleiki forsenda frekari framfara	20
1.2	Alþjóðalandið Ísland	23
1.2.1	Áframhaldandi vöxtur íslenskra fyrirtækja erlendis	24
1.2.2	Löðum til okkar hæfasta fólkið	26
1.2.3	Fólk kann að meta Ísland	26
1.3	Ísland: Miðstöð fjármála og þjónustu	27
1.3.1	Eltum uppi forystubjóðir - og tökum fram úr þeim	28
1.3.2	Afnemum hindranir á fjárfestingu erlendra aðila	29
1.3.3	Vilji og staðfesta er það sem þarf	31
1.4	Aðgerðaáætlun til ársins 2015	33
2.	FJÖLSKYLDAN OG MENNTUN Í FYRIRRÚMI	35
2.1	Skólar á heimsmælikvarða	36
2.1.1	Grunn- og leikskólar	36
2.1.2	Framhaldsskólar	41
2.1.3	Alþjóðlegir skólar á neðri stigum	42
2.2	Byggjum upp öflugri alþjóðlega háskóla	43
2.2.1	Einkaframtakið	43
2.2.2	Íslendingar sæki framhaldsnám erlendis og útlendingar hérlandis	43
2.2.3	Fjölbreytni er ómetanleg	44
2.3	Áframhaldandi samræming vinnu og frítíma	44
2.4	Símenntun verði aukin	46
2.5	Lífeyrissjóðir - gullkista Íslendinga	47
2.5.1	Samánburður við önnur lönd OECD	48
2.5.2	Sveigjanleg starfslok	48

2.5.3	<i>Lífeyrissparnaður er forsenda sveigjanleikans</i>	49
2.6	Aldraðir: Fyrsta flokks þegnar	50
2.6.1	<i>Lausnir í stað vandamála</i>	51
2.6.2	<i>... einkarekstur hefur gefið góða raun</i>	52
2.7	Aðgerðaáætlun til ársins 2015	53

3. RÍKIÐ OG EINSTAKLINGURINN 55

3.1	Mikið svigrúm til fækkunar ráðuneyta og stofnana	56
3.1.1	Leggjum niður stofnanir í stað þess að sameina þær	57
3.1.2	Fækkum ráðuneytum úr 14 í 11	58
3.1.3	... eða göngum lengra og fækkum ráðuneytum í 7	59
3.2	Heilbrigðismál: Jafnrétti er lykilatriði	66
3.2.1	Einkarekstur lyftir öllu á hærra plan	66
3.2.2	Útrás heilbrigðis - næsta bylgja?	67
3.2.3	Almannatryggingar	68
3.3	Samgöngur: Einkaaðilar á okkar vegum	69
3.4	Fjármögnun húsnæðis á hendur einkaaðila	70
3.5	Hreint land, fagurt land	71
3.6	Gagnger endurskoðun landbúnaðar	71
3.7	Sjávarútvegsmál	72
3.8	Hættum samkeppni ríkisfyrirtækja við einkaaðila	73
3.8.1	<i>Fjöldi ríkisstofnana ríflega 1000!</i>	74
3.8.2	<i>Sértekjur ríkisstofnana - hvar liggja mörkin?</i>	75
3.9	Ríkið á að rífa seglin	75
3.10	Aðgerðaáætlun til ársins 2015	77

4. LOKAORÐ 81

„STÓRVELDI FRAMTÍÐARINNAR ERU STÓRVELDI HUGANS“

„THE EMPIRES OF THE FUTURE ARE THE EMPIRES OF THE MIND“

SIR WINSTON CHURCHILL (1874 - 1965), RÆÐA Í HARVARD-HÁSKÓLA, 6. SEPTEMBER 1943

1. KAFLI

HVERNIG Á ÍSLAND AÐ VERA ÁRIÐ 2015?

Tíu ár eru langur tími í stefnumörkun. Skiptir þar litlu máli hvort menn líta til persónulegra haga eða fram veginn í þjóðhagslegu samhengi. Um miðjan tíunda áratug síðustu aldar hefðu flestir sopið hveljur ef einhver hefði stigið fram fyrir skjöldu og list þeirri skoðun sinni að það væri raunhæft markmið fyrir Ísland árið 2006 að fjöldi háskólanemenda myndi tvöfaldast á áratug, að árlegur hagnaður viðskiptabankanna næmi ríflega 10% af landsframleiðslu, að Ísland yrði fjórða samkeppnishæfasta hagkerfi heims - eða að erlendir starfsmenn íslenskra fyrirtækja yrðu fimmtungi fleiri en samanlögð íbúatala Kópavogs, Seltjarnarness, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar, Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Akraness, Ísafjarðar og Vestmannaeyja.

Sú bylting sem átt hefur sér stað á flestum sviðum íslensks samfélags er ekki sjálfsögð og því síður er sjálfgefið að hún muni halda áfram ef ekki er hugað að framtíðinni í tíma. Áherslur í atvinnulífinu, á sviði menntamála, heilbrigðismála, ríkisfjármála, menningar og í hagkerfinu í heild þurfa að liggja fyrir - og við eigum að setja okkur metnaðarfull markmið til framtíðar. Góð varða á þeirri vegferð er að breyta Íslandi ársins 2015 í þjónustusamfélag af ýmsum toga, sama hvort litið er til iðngreina, fjármálaþjónustu, heilbrigðismála eða menntamála.

Það má slá því föstu að sú þróun sem hefur átt sér stað á sviði heimsmála með undraverðum vexti risanna í austri muni hafa áhrif á verkaskiptingu heimsins og sérhæfingu vinnuafls. Þannig hefur þeirrar þróunar gætt síðustu ár að frumframleiðsla er að færast austur á bóginn í auknum mæli á meðan þjónustuviðskipti af ýmsum toga vega æ þyngra á metunum í vestrænum samfélögum. Þróun íslensks samfélags hefur verið hraðari og tekið styttri tíma en í flestum þeim vestrænu löndum sem við berum okkur venjulega saman við. Segja má að hin raunverulega iðnbylting hafi ekki hafist hérlendis fyrr en með opnun álversins í Straumsvík 1966. Fram að þeim tíma byggðist útflutningur okkar nær einvörðungu á óunnum sjávarafurðum, ef saltfiskur er undanskilinn. Nú er staðan orðin sú að hlutur áls og járnbendis hefur stóraukist á kostnað sjávaraflans en enn sem fyrr er hlutur fullvinnslu-, hátækni- og þjónustugreina allt of lítill. Þetta ósamræmi þarf að leiðrétta á næsta áratug.

Hins vegar er löngu ljóst að sterk staða og traustur rekstur fyrirtækja í frumframleiðslugreinum er undirstaða sem gerir okkur kleift að byggja upp miklar væntingar um framtíðina. Með aukinni menntun á öllum sviðum og breyttum hugsunarhætti eigum við að geta breytt Íslandi í kraftmikið þjónustusamfélag. Við eigum óhrædd að viðurkenna þá staðreynd að þjóðfélög sem komin eru skemmra á þróunarbrautinni ráða yfir vinnuafli og aðferðum við framleiðslu sem við getum tæpast keppt við á jafnréttisgrundvelli. Við eigum jafnframt að vera óhrædd við að nýta okkur þá viðskiptamöguleika sem í því liggja fyrir þjóðina - sérhæfing íslensks viðskiptalífs er af hinu góða.

Íslensku fyrirtækin sem leitt hafa útrásina á undanförunum árum byggja öll meira eða minna á þeim kostum og einkennum sem við teljum okkur hafa sem þjóð í augum útlandinga. Við erum lítil, vel tengd innbyrðis, erum fljót að átta okkur á stöðu mála, erum hugmyndarík, tökum ákvarðanir strax og lærum fljótt og örugglega af reynslunni.


Hvatar stjórnna aðgerðum manna og meginmarkmið stjórnvalda ætti að vera að skapa góða ytri umgjörð á öllum sviðum þjóðlífsins og láta einkaframtakið blómstra innan þess ramma sem þau skapa því. Íþyngjandi regluvirki ber dofann með sér og mikilvægt er að fylgjast vel með á alþjóðavettvangi. Við eigum að láta vinda viðskiptafrelsis leika um sem flest svið hagkerfisins og treysta landsmönnum í auknum mæli fyrir eigin velferð.

1.1

ÍSLAND VERÐI SAMKEPPNISHÆFASTA LAND Í HEIMI

Nokkrar kannanir á samkeppnishæfni þjóða, gerðar af IMD-stofnuninni í Sviss, Heritage-stofnuninni í Bandaríkjunum og blaðinu Wall Street Journal, staðfesta styrka stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi. Athygli vekur að Ísland skipar sér ekki í flokk með Norðurlöndunum - sem eru skör neðar - heldur fyllir landið sama flokk og Írland, Lúxemborg, Hong Kong og önnur ríki sem leitt hafa umbætur á skattkerfi og skilvirkri stjórnsýslu. Þannig væri vel til fundið að setja okkur það markmið í stjórnsýslunni að ganga helst aldrei skemur í umbótum en viðmiðunarþjóðir okkar. Ein og sér gæti slík viðhorfsbreyting skilað miklu, einfaldað og gert rekstrarumhverfi fyrirtækja í landinu skilvirkara til langframa.

Neðangreind mynd sýnir stöðu Íslands í árlegri könnun á samkeppnishæfni árið 2005 en samkvæmt úttekt IMD-viðskiptaháskólans í Sviss er Ísland fjórða samkeppnishæfasta hagkerfi heims.



ÍSLAND VERÐI
SAMKEPPNISHÆFASTA LAND
HEIMS ÁRIÐ 2015

Margir mælikvarðar eru lagðir til grundvallar þegar samkeppnishæfni þjóða er ákvörðuð. Lítið er heildstætt á fjóra meginþætti með það fyrir augum að ná fram hlutfallslegum samanburði milli þjóða heims. Þegar rýnt er í tölurnar á bak við einkunnagjöf Íslands kemur í ljós að innlent verðlag hefur mikil og hamlandi áhrif ásamt tiltölulega lágu hlutfalli útflutnings í alþjóðaviðskiptum.

Að sama skapi líður landið fyrir smæð sína í einstaka liðum sem lítið er hægt að gera í til frambúðar. Við þurfum að herða róðurinn á ýmsum sviðum og á mörgum þeirra eru umbætur auðsóttar; fækka þarf vinnudeilum, draga úr skattheimtu, auka útflutning hátæknivara og koma viðskiptajöfnuði í ásætlanlegt horf. Við stöndum okkur hins vegar vel þegar kemur að fjölda netnotenda, beinum erlendum fjárfestingum erlendis, framlagi í lífeyrissjóði, uppbyggingu

símkerfis og heildarútgjöldum til menntamála. Í neðangreindri töflu eru dregnir fram einstaka þættir í þróun samkeppnishæfni þjóðarinnar undanfarin ár.


ÞRÓUN Í SAMKEPPNISHÆFNI SÍÐUSTU ÁRA EFTIR EINSTAKA ÞÁTTUM

	2001	2002	2003	2004	2005
Þjóðhagslegt umhverfi	19	14	20	15	17
Skilvirkni hins opinbera	11	13	9	7	6
Viðskiptaumhverfi	6	10	8	5	2
Innviðir samfélags	10	13	10	8	12

Þróun síðustu ára hefur verið einkar jákvæð og Ísland hefur verið á hraðri uppleið frá árinu 1989 þegar könnunin var framkvæmd í fyrsta skipti. Niðurstöður kannana af þessum toga gefa raunhæfa og samanburðarhæfa mynd af hagkerfum og viðskiptaumhverfi þeirra landa sem þær taka til enda byggja þær á þróun hagvísu og viðhorfi fulltrúa atvinnulífsins til starfsumhverfis þeirra. Mikilvægt er að stjórnvöld leggi við hlustir og taki athugasemdir alþjóðlegra rannsókna til skoðunar og einsetji sér að vinna bug á þeim meinsemdum sem standa upp úr í alþjóðlegu samhengi.

Samkvæmt athugunum er landsframleiðsla á mann á Íslandi sú áttunda hæsta í heimi, 32.416 bandaríkjadalir á jafnvirði árið 2005. Á neðangreindri mynd er möguleg þróun landsframleiðslu á mann sýnd miðað við mismunandi hagvaxtarstig til ársins 2015, án þess að tekið sé tillit til mannfjöldaþróunar, enda er framsetningunni aðeins ætlað að gefa vísbendingu um það sem koma skal í náninni framtíð.

Íslendingar ættu að einsetja sér að verða samkeppnishæfasta hagkerfi heims árið 2015 enda eru allar forsendur til staðar.



Aðlögunarhæfni smás samfélags er mikil og stuttar boðleiðir ættu að tryggja að breytingar til batnaðar nái fram að ganga á snöggan og skilvirknan máta. Að sama skapi falla hugmyndir ríkisstjórnarinnar um einfaldara Ísland, endurskoðun landbúnaðarkerfisins og Ísland sem alþjóðlega miðstöð fjármála vel að þeim þáttum sem auka samkeppnishæfi landsins í alþjóðlegu samhengi.

1.1.1

FRELSISLANDIÐ ÍSLAND

Vitund almennings um rétt sinn og mannréttindi fer vaxandi. Gerðar voru breytingar á mannréttindakafli stjórnarskrárinnar árið 1995. Nú er tryggt í stjórnarskrá trúfrelsis, jafnræði, ríkisborgararéttur, bann við fangelsun án dóms og laga, bann við pyndingum, réttlát málsmeðferð, friðhelgi einkalífs, eignaréttur, skoðanafrelsi, félagafrelsi, atvinnufrelsi og bann við skattlagningu án laga. Eins og sjá má af þessar upptalningu eru ýmis sértæk mannréttindi tryggð.

Mannréttindi sem tryggð eru í stjórnarskrá eru ekki fortakslaus heldur geta þau sætt takmörkunum. Yfirleitt er áskilið í stjórnarskrá að slíkar takmarkanir skuli uppfylla tiltekin skilyrði, svo sem að almenningsheill krefji að þau séu skert og að þau séu aðeins skert með lögum, þ.e.a.s. ekki með ákvörðunum stjórnvalda. Til að standa enn frekari vörð um mannréttindi mætti hugsa sér að slíkar takmarkanir þyrftu að vera tímabundnar og mættu ekki vara í fleiri en fjögur ár, án þess að þau væru endurnýjuð. Slíkt fyrirkomulag tíðkast sum staðar, t.d. í Bandaríkjunum. Með því væri tryggt að skerðingar á mannréttindum vöruðu ekki lengur en nauðsyn krefði. Ef löggjafinn vildi viðhalda mannréttindaskerðingum þyrfti hann þá að leggja fram nýtt frumvarp á fjögurra ára fresti og rökstyðja í hvert sinn að það væri sannanlega þörf á framlengingu bannsins.

ÍSLAND VERÐI ÖFLUGUR TALSMÆÐUR FRELSIS

Saga Íslands einkennist öðrum þræði af frelsi og frelsisbaráttu. Landið var numið um 870 og ríkti frá þeim tíma mikið frelsi meðal íbúa landsins. Árið 930 markar upphaf allsherjarríkis þegar Alþingi koma fyrst saman. Allsherjarríkið er það stjórnarform sem Íslendingar hafa búið hvað lengst við. Alþingi fór með löggjafar- og dómsvald en ekkert framkvæmdavald var til staðar. Enginn skattheimta var af hálfu allsherjarríkisins en með tilkomu kristni um árið 1000 tók kirkjan upp svonefnda tíund. Þeir sem áttu kirkjur gátu því innheimt skatta í sókninni og sáu auðmenn sér því hag í því að byggja kirkjur. Þessi skattheimta varð til þess að kirkjur og þar með auður safnaðist á fárra manna hendur og hófust í kjölfarið harðvítugar erjur á milli þessara manna og fjölskyldna þeirra. Til að skera á þennan hnút gengust Íslendingar undir norska krúnuna árið 1262. Með því lauk allsherjarríkinu og í stað kom norskt framkvæmdaval. Vegna mikillar fjarlægðar frá Skandinavíu bjuggu Íslendingar eftir sem áður við mikið frelsi næstu fjögur hundruð árin eða allt til 1662 þegar einveldi var komið á. Þá tók við tími frelsisbaráttu sem lauk eins og kunnugt er á fyrri hluta síðustu aldar. Síðan þá hefur frelsi á hinum ýmsu sviðum farið sívaxandi.

The Heritage Foundation og The Wall Street Journal birtu 4. janúar s.l. lista yfir þau lönd þar sem mest viðskiptafrelsi ríkir. Er Ísland nú í fimmta sæti en var í áttunda sæti í fyrra. Aðeins Hong Kong, Singapúr, Írland og Lúxemborg standa Íslandi framar. Horft er til atriða eins og hvaða stefna ríkir í viðskiptum, fjárhagslegar byrði ríkisins, afskipta ríkisins, peningamálastefnu landsins, fjármagnsflæði og erlendar fjárfestingar. Auk atriða eins og starfsemi banka og fjármálastofnana, launa, verðlags og svartamarkaðsviðskipta. Af þessu er ljóst að Ísland er í fremstu röð ríkja í heiminum hvað varðar frelsi í viðskiptum. Má telja að þetta gildi einnig um fleiri svið þjóðlífsins.

Þetta forskot Íslendinga er viðskiptalífinu mikilvægt. Því meira frelsi sem er því meira svigrúm hefur viðskiptalífið til að vaxa og dafna. Slíkt frelsi getur líka gert Ísland að ákjósanlegum stað fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Ísland ætti að færast í átt til aukins frelsis og ætti að setja sér það markmið að vera frjálsasta þjóð heims árið 2015. Ísland ætti að nota söguna og stöðu sína í dag til að markaðssetja sig sem frelsis elskandi þjóð.

1.1.2

ÍSLENDINGAR VERÐI JAFNVÍGIR Á ÍSLENSKU OG ENSKU

Við Íslendingar búum við óvenjulega þversögn sem tungumálið okkar er. Fræðimenn og áhugamenn um samfélag og þjóðlíf telja flestir að ekkert eitt geri okkur frekar að sjálfstæðri þjóð en tungumálið. Þjóðararfur okkar liggur hvorki í glæstum byggingum frá miðöldum né menningarverðmætum í formi fornra listaverka og hlutkenndra dýrgripa svo nokkru nemi, eins og algengast er um menningarþjóðir að fornu og nýju.

Nei, hann liggur aftur á móti nánast eingöngu í hinu ritaða máli, varðveittu á fáeinum lúnum skinnblöðum sem mörg hver hafa nánast fyrir tilviljun öldum saman sloppið undan eyðileggingu í saggafullum húsakynnum sem héldu illa vatni og vindum. Sagnaritun miðalda er það sem sjálfsmynd þjóðarinnar og sjálfstæðisvitund öllu öðru fremur byggir á og þeirri staðreynd að enn í dag tölum við nánast sama tungumál og við landnám. Af þessum sökum er gríðarlega mikilvægt að slá hvergi af kröfunni um að viðhalda íslenskri tungu með öllum tækum ráðum, ekki síst í gegnum skólakerfið og fjölmiðlana.

Á sama tíma gera menn sér fulla grein fyrir því að tungumálið er okkar helsti þröskuldur í samskiptum við umheiminn. Allir Íslendingar verða einfaldlega að vera mæltir á aðra tungu en sína eigin ef þeim á að takast að njóta sín í alþjóðlegum viðskiptum og samskiptum. Mjög margir Íslendingar sem hefja samskipti við erlenda aðila á þeirra móðurmáli finna fyrir þeirri tilfinningu að þeim takist ekki að sýna sínar sterkustu hliðar, að njóta sín til fulls. Kröfur þess alþjóðlega samfélags, jafnt viðskiptalega og menningarlega, sem við tilheyrum og viljum tilheyra eru slíkar að við beinlínis neyðumst til að gera okkar besta til þess að standa jafnfætis á öllum sviðum.

Einfaldasta einstaka aðgerðin sem tiltæk er til þess að bæta samkeppnisstöðu okkar, bæði sem einstaklinga og þjóðar, er að efla tungumálakennslu. Vegna þess engilsaxneska umhverfis sem við búum í varðandi afþreyingar- og fjölmiðlaefni öðlast börnin okkar undrafljótt ákveðinn skilning á ensku, sem mjög auðvelt er að byggja á ef það er gert með markvissum hætti. Enskukennsla á tvímælalaust að færast niður í yngstu bekkji grunnskólans en á þeim aldri eru börn móttækileg auk þess sem öll sú enska málörvun sem nú þegar er til staðar í umhverfinu myndi nýtast þeim bæði betur og með jákvæðari hætti.

Auk þess að gera enskunám að eðlilegum hluta skólastarfsins strax frá og með fyrstu bekkjum grunnskólans er nauðsynlegt að færa inn í skólakerfið - til dæmis á framhaldsskólastigið - þau viðmiðunarpróf sem viðurkennd eru sem aðgangur að námi t.d. í Bretlandi, Frakklandi og Bandaríkjunum. Sjálfsagt er að árið 2015 verði ákveðnar námsgreinar í grunn- og framhaldsskólum kenndar á ensku og að bækur á ensku verði lagðar til grundvallar í kennslu eða sem ítarefni. Þannig má bæði auka námsframboð og viðsýni í ýmsum greinum án þess að þurfa að kosta til dýrrar útgáfu kennslubóka og annars námsefnis, auk þess sem slíkt opnar fyrir möguleika á að fá til starfa erlenda kennara sem geta borið með sér nýja og ómetanlega þekkingar- og menningarstrauma inn í íslenskt samfélag.

1.1.3

STÖÐUGLEIKI FORSENDA FREKARI FRAMFARA

Pólitískur og efnahagslegur stöðugleiki á Íslandi hefur verið mikill undanfarinn áratug. Hagvöxtur hefur verið langt yfir meðaltali evrópuríkja og reyndar þarf að leita austur á bóginn til að sjá hagvaxtartölur af sama meiði. Mikilli þenslu á vinnumarkaði er í vaxandi mæli mætt með aðfluttu vinnuafli, sér í lagi vegna stóriðjuframkvæmda í Austurlandi. Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að mikill og viðvarandi viðskiptahalli dragist hratt saman undir lok

FYRIRMYNDARÍKIÐ EISTLAND

Fyrirmynda er líka hægt að leita erlendis. Við fall Sovétríkjanna komst hægri flokkurinn undir stjórn Mart Laar til valda í Eistlandi. Ríkisstjórn hans var kölluð "New kids on the block" enda var hún skipuð fólki um og yfir þrítugt sem hafði skýra og bjarta sýn á það hvernig landið ætti að þróast. Þau gjörbyltu öllu ríkiskerfinu og hefur það valdið stórstígum framförum í eistnesku þjóðlífi. Auk flatra skatta var rafræn stjórnsýsla meðal þess sem var tekið upp.

Eistar geta nú haft öll nauðsynleg samskipti við stjórnvöld með rafrænum hætti. Innviðir stjórnsýslunnar eru einnig gagnsæir og hægt er að skoða alla þætti hennar á netinu. Þannig geta skattborgarar fylgst með hverri einustu krónu sem ríkið tekur til sín, þ.e.a.s. til hvaða stofnunar hún rennur og í hvað hún fer. Hefur slíkt gagnsæi bæði veitt aukið aðhald í rekstri stofnana og auk þess hefur komist upp um leifar spillingar og sóunar frá tímum kommúnisma.

stóriðjuframkvæmda og muni nálgast um 2% af landsframleiðslu árið 2010. Áreiðanleiki langtímahagspáa fer þverrandi með lengd spátímabils og hér verður ekki gerð tilraun til að sjá lengra en tæp fimm ár inn í framtíðina eins og neðangreind tafla fjármálaráðuneytis sýnir.

Mikilvægt er að stjórnvöld eyði óvissu um frekari stóriðjuframkvæmdir á næstu árum. Ef af þeim verður er ljóst að gengi krónunnar mun áfram haldast sterkt. Meta þarf heildstætt áhrif stóriðjuframkvæmda á útflutningsgreinar og samþætta þarf sjónarmið beggja aðila.

ÞJÓÐHAGSSPÁ FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIS TIL 2010, ALLAR TÖLUR Í %

	2006	2007	2008	2009	2010
Verðbólga	3,3	3,2	2,1	2,0	2,7
Atvinnuleysi	2,7	3,8	3,8	3,6	3,1
Hagvöxtur	5,3	2,0	2,8	2,4	2,6

Lykillinn að stöðugleika í þjóðarbúskapnum er að finna í aukinni samhæfingu á milli peningamálastjórnar og fjármála hins opinbera. Talsvert hefur skort upp á aðhald í ríkisrekstri á síðustu misserum sem hefur þyngt róðurinn í stjórn peningamála. Til framtíðar er nauðsynlegt að meira samræmi verði í aðgerðum ríkisvalds og Seðlabankans á þann veg að hið opinbera dragi verulega úr umsvifum sínum. Framtíðarstöðugleiki í efnahagsmálum veltur á þessu samspili.

Á fleiri sviðum er aðgerða þörf: Straumhvörf urðu í fjarskiptamálum landsmanna þegar sæstrengurinn FARICE, sem liggur á milli Íslands og Skotlands um Færeyjar var tekinn í notkun. Tilgangurinn var að færa netnotendum meira öryggi en áður þegar síma- og tölvunotendur urðu að treysta á CANTAT-3 sæstrenginn í samskiptum við útlönd. Miklir misbrestir hafa verið á rekstri sæstrengsins og hefur samband við Ísland rofanað ítrekað á síðustu misserum, sem er algerlega óviðunandi fyrir fjöldamörg fyrirtæki og einstaklinga í landinu. Svo rammt hefur kveðið að þessum truflunum að lélegt netsamband við útlönd er farið að hamla verulega starfsemi fjöldamargra fyrirtækja hér á landi, m.a. í hátækniiðnaði og fjármálaþjónustu. Stöðugleiki í fjarskiptum ætti að vera algert forgangsmál stjórnvalda og undarlegt að ekki skuli þegar vera búið að ráðast í umbætur í þessu efni.

SEGJUM SKATTALEGA SKILIÐ VIÐ SKANDINAVÍU

Í þjóðfélagsumræðu er oft talað um að hitt og þetta sé ekki eins gott og hjá löndunum í kringum okkur. Er þar gjarnan verið að tala um hin Norðurlöndin. Draga menn oft upp slíkan samanburð þegar til stendur að færa rök fyrir meiri ríkisafskipum, meiri ríkisútgjöldum eða hærri sköttum. Skattar á Norðurlöndunum er miklu hærri en hér og þeir búa við ofvaxin velferðarkerfi sem framleiða bókstaflega

vandamál á ýmsum sviðum. Er því oft ekki um gæfulegan samanburð eða háleit viðmið að ræða. Viðskiptaráð leggur til að Ísland hætti að bera sig saman við Norðurlöndin enda stöndum við þeim framar á flestum sviðum. Ísland ætti þess í stað að bera sig saman við þau ríki sem standa hvað fremst á hverju sviði fyrir sig.

Viðskiptafrelsi	Skattar á fyrirtæki	Skattur á arð	Skattur á þóknanir
Hong kong	Kýpur (10%)	Argentína (0%)	Ungverjaland (0%)
Írland	Írland (12,5%)	Brasilía (0%)	Lúxemborg (0)
Singapúr	Búlgaría (15%)	Kína (0%)	Malta (0%)
Ísland	Lettland (15%)	Kýpur (0%)	Holland (0%)
	Litháen (15%)	Egyptaland (0%)	Noregur (0%)
	Ungverjaland (16%)	Grikkland (0%)	Sviss (0%)
	Rúmenía (16%)	Hong Kong (0%)	Lettland (5%)
	Síle (17%)	Indland (0%)	Hong Kong (5,25%)
	Hong Kong (17,5%)	Malasía (0%)	Kína (10%)
	Ísland (18%)	Malta (0%)	Kýpur (10%)
		Mexíkó (0%)	Litháen (10%)
		Sádi Arabía (0%)	Malasía (10%)
		Singapúr (0%)	Singapúr (10%)
		Slóvakía (0%)	Spánn (10%)
		Suður-Afríka (0%)	Suður-Afríka (12%)
		Bretland (0%)	Belgía (12,75%)
		Lettland (10%)	Ísland (15%)
		Tæland (10%)	
		Tyrkland (10%)	
		Ísland (15%)	

Hér að framan eru dæmi um svið sem Ísland ætti að keppast við að skara fram úr á. Eins og sjá má er aðeins í einu tilfelli sem eitt Norðurland stendur Íslandi framar. Staðreyndin er sú að við búum hér við lægri skatta og að mörgu leyti betra skattkerfi. Það er hinsvegar ekki fullkomið og við verðum sífellt

að vera á tánum gagnvart því að finna leiðir til að bæta það og skapa þannig atvinnulífinu betri vaxtarskilyrði. Þrátt fyrir þetta höfum við velferðarkerfi sem verður að teljast á heims mælikvarða. Þannig höfum við náð að sameina það besta úr báðum heimum.



1.2

ALPJÓÐALANDIÐ ÍSLAND

Snögg umskipti eru sjaldnast heillavænleg og miða hugmyndir Viðskiptaráðs öðrum þáttum fremur að því að setja íslensku samfélagi langtíma markmið sem unnið verði jafnt og þétt í að gera að raunveruleika á næsta áratug. Skiptir þá engu hvort lítið er til frekari umbóta í menntakerfinu, skattkerfinu eða heilbrigðiskerfinu enda eigum við ekki að setta okkur við neitt minna en framúrskarandi laga- og rekstrarumhverfi á öllum sviðum.

Aðlögunarhæfni smárra hagkerfa er mikil. Rannsóknir benda til þess að sveigjanleiki á íslenskum vinnumarkaði sé með því mesta sem gerist á meðal vestrænna þjóða. Lítið hagkerfi á að leyfa sér þann munað að hugsa í lausnum en ekki vandamálum. Samkeppni þjóða markast í auknum mæli af verðmætum vinnuafls hvers lands og farið er að líta til þessa þáttar í auknum mæli við mat á hagsæld þjóða. Þannig hefur verið dregið fram í dagsljósið að lykillinn að vexti og viðgangi þjóða á alþjóðavettvangi sé falinn í yfirburðum menntaðs vinnuafls. Sá auður finnur sér farveg í gegnum menntun starfsfólks enda eru það velþekkt sannindi að velmegun sé best tryggð með metnaðarfullu, skapandi og menntuðu vinnuafli.

Við horfum fram á umvendingu í hreyfanleika vinnuafis og nærtækast er að benda á þá staðreynd að áður fyrr voru það staðbundnar auðlindir sem skáru úr um yfirburði hagkerfa. Þar sem staðbundnar auðlindir var að finna, þar var fólk og þar skapaðist vinnan. Það er af sem áður var - nú blómgastr hagkerfi fyrir atbeina mannauðs og þeirra tækniframfara sem hann ber með sér. Því má segja að yfirburðir hagkerfanna séu beintengdir viðmóti og hæfileikum þjóðanna að laða að og viðhalda skapandi mannauð sem er lykillinn að blómlegri framtíð.

Með tilkomu evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Evrópusambandsins hefur samkeppni á milli Evrópulanda og Bandaríkjanna harðnað. Blokkir hafa myndast beggja vegna Atlantssála sem keppa um mannauðinn á jafnréttisgrundvelli. Menn spyrja sig nú hvort Evrópa sem heild geti keppt við Bandaríkin í hagvexti. Þjóðir eins og Svíþjóð, Finnland og Danmörk hafa slakað á kröfum og reglugerðum gagnvart innflytjendum og leitast við að laða að og halda hæfileikaríku starfsfólki innan sinna landamæra og skapa með þeim hætti samkeppnisforskot á önnur lönd.

Vandamál sem blasa við Evrópu eru ósveigjanleiki og tregða vinnuafisins í suðurhluta álfunnar og síðast en ekki síst lág fæðingartíðni. Margar evrópuþjóðir eldast svo hratt að starfandi vinnuafli dugir ekki til að framfleyta elstu kynslóðinni og lífeyriskerfi landanna er komið á ystu þanmörk. Bandaríkin hafa hingað til getað boðið upp á samfélag þar sem fyrirtækja- og framtaksmenningin er ráðandi, vinnuaflið lítur ekki mjög ströngum reglum og vinnulöggjöf, heilbrigð samkeppni ríkir innan fylkja sem og á milli fylkja, tækni og vísindi eru á heimsmaelikvarða og jákvætt viðmót ríkir gagnvart farandverkamönnum af ýmsum þjóðernum. Þetta eru atriði sem stuðlað hafa að samkeppnisforskoti á evrópulöndin.


Í öllum iðnvæddum ríkjum verður hinn sanni virðisauki til þegar sköpun og þekkingu er bætt inn í famleiðsluferli. Áður fyrr safnaðist hæfileikaríkt og skapandi fólk saman þar sem atvinnu var að fá en rannsóknir seinni ára hafa leitt í ljós að þessi þróun er farin að snúast við. Alþjóðleg fyrirtæki eru nú farin að leita til þeirra staða þar sem hæfasta vinnuaflið er að finna. Niðurstöður þessara rannsókna benda á að nú hafi skapast ný tegund hagkerfa - skapandi hagkerfi.

1.2.1

ÁFRAMHALDANDI VÖXTUR ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA ERLENDIS


Fjárfestingar íslenskra aðila á erlendri grundu hefur að miklu leyti markast af klasaeinkennum enda eru helstu starfsstöðvar að finna í Bretlandi og Norðurlöndum. Að undanfögnu hafa Íslendingar í auknum mæli litið til ríkja austar í álfunni eins og nýleg kaup innlendra aðila á fyrirtækjum í Eyrstrasaltslöndunum bera vitni um.

Í nýlegri samantekt Viðskiptablaðsins kom í ljós að rúmlega 103 þúsund manns vinna hjá íslenskum fyrirtækjum erlendis en til samanburðar má nefna að heildarvinnuafli á Íslandi er um 150 þúsund manns. Því má álykta að hátt í 50% starfsmanna íslenskra fyrirtækja séu útlendingar. Í súluritunum er sýnt hvernig þessir 103 þúsund starfsmenn skiptast á milli atvinnuveitenda.




ÞRÍR STÆRSTU VINNUVEITENDURNIR Á ERLENÐRI GRUNDU

Á fyrsta grafi eru þrír stærstu vinnuveitendurnir sýndir. Baugur Group er stærstur með 52 þúsund starfsmenn og eins og áður sagði eru þar af um 39.400 í smásölu í Bretlandi. Næst kemur Bakkavör Group með 14 þúsund starfsmenn, alla í Bretlandi. Loks er Actavis með rúmlega 9 þúsund starfsmenn sem eru víða um heim.



FJÖLDI STARFSMANNA NOKKURRA FYRIRTÆKJA Á ERLENÐRI GRUNDU

Á öðru grafi eru aðrir vinnuveitendur sem komast ekki í hálfkvist á við hina stærstu. SÍF og Icelandic Group eru hvort um sig með rúmlega 3 þúsund starfsmenn í matvælaíðnaði víða um heim. Þá er Atorka Group hf með um 3.500 starfsmenn í iðnaði í Bretlandi.



FJÖLDI STARFSMANNA EFTIR LÖNDUM

Á síðasta grafinu er búið að flokka starfsfólkið eftir löndum. Langflestir, eða um 72 þúsund vinna í Bretlandi, en þeir eru ekki með á grafinu. Næst kemur Danmörk, hvar starfa rúmlega 5 þúsund manns þar af um helmingur hjá Baugi Group og um 1.500 hjá Fons eignarhaldsfélagi ehf. Næsta koma Bandaríkin, Búlgaría, Frakkland og Lettland þar sem starfa 3.500 til 4 þúsund starfsmenn í hverju landi.


1.2.2
LÖBUM TIL OKKAR HÆFASTA FÓLKIB

Heimurinn er að minnka og Ísland er því að færast nær öðrum löndum. Þekking á erlendum tungumálum fer vaxandi um allan heim sem auðveldar fólki að ferðast um önnur lönd og jafnvel setjast þar að. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og eru í sí auknum mæli að sækja sér menntun og störf erlendis. Slík reynsla er landinu mikilvæg og eykur þekkingu og víðsýni landsmanna. Þessi þróun virkar í tvær áttir og eru útlendingar einnig í auknum mæli að sækja í nám og starf hérlandis. Er það ekki síður jákvætt og er enn fremur til að auka þekkingu og víðsýni landsmanna. Ekki líta allir þessa þróun jákvæðum augum. Horfa menn til annarra evrópulanda og segja hættu á að útlendingavandamál skapist hérlandis. Staðreyndin er hinsvegar sú að heimavandamál eru jafn algeng og útlendingavandamál. Stór hluti slíkra vandamála er til dæmis oft að sumir heimamenn eru ekki nægjanlega víðsýnir til að taka vel á móti útlendingum og líta á þá sem jafningja. Ofvaxin velferðarkerfi skapa einnig vandamál því þau eru vinnuletjandi og laða að sér fólk sem vill ekki vinna. Í Danmörku til dæmis er hægt að lifa á bótum sem fólk fær fyrir að eiga börn og hunda. Á meðan Íslendingar taka útlendingum vel og hafa gott velferðarkerfi sem er ekki vinnuletjandi er óþarfi að hafa áhyggjur af vandamálum á þessu sviði.


1.2.3
FÓLK KANN AÐ META ÍSLAND

Liður í því að taka vel á móti öllum þeim sem vilja setjast hér að í námi eða starfi er að setja ekki of ströng skilyrði fyrir landvist. Íslendingar ættu að fagna fólki sem vill setjast hér að, sama af hvaða þjóðerni eða kynþætti það er. Íslenskt samfélag getur ekki annað en batnað við slíkt. Hagstofan gerði nýlega úttekt á fjölda og þjóðerni þeirra sem búa á Íslandi. Alls býr fólk af 120 þjóðernum í Reykjavík en þessi mynd sýnir þau fjölmennustu. Alls búa 2.750 manns af fjölmennustu níu þjóðernunum í Reykjavík og þar af eru 1.580 evrópubúar og 870 Asíubúar auk 300 Bandaríkjamanna. Alls býr fólk af 120 þjóðernum í Reykjavík en þessi mynd sýnir þau fjölmennustu. Alls búa 2.750 manns af fjölmennustu níu þjóðernunum í Reykjavík og þar af eru 1.580 evrópubúar og 870 Asíubúar auk 300 Bandaríkjamanna.

FJÖLDI Í REYKJAVÍK



FJÖLDI ÞJÓÐERNA





1.3

ÍSLAND: MIÐSTÖÐ FJÁRMÁLA OG ÞJÓNUSTU

Á fundum framtíðarnefndar Viðskiptaráðs kom fram sá vilji manna að nýta þann mikla meðbyr sem íslenskt viðskiptalíf hefur um þessar mundir og leita allra leiða til að markaðssetja Ísland sem alþjóðlega miðstöð fjármála og þjónustu. Að mati nefndarmanna er fyrirséð að mikilvægi þjónustuviðskipta af hvers kyns toga, sama hvort um er að ræða fjármálaþjónustu eða aðrar þjónustugreinar sem byggja á vel menntuðu og sérhæfðum starfsmönnum. Þessi sjónarmið eru ekki úr lausu lofti gripin enda hafa fjöldamargar alþjóðastofnanir bent á að frumvinnsla muni færast austur á bóginn á komandi árum. Það hyllir undir samstöðu um uppbyggingu landsins sem miðstöðvar fjármála og þjónustu á næstu árum og er skemmst að minnast yfirlýsingar forsætisráðherra á Viðskiptaþingi 2005 þess efnis að hann sæi fyrir sér í framtíðinni að Ísland verði þekkt um víða veröld sem alþjóðleg fjármálamiðstöð. Að sama skapi verði áfram skapaðar blómlegar aðstæður fyrir alþjóðleg fyrirtæki, sem hafi hér höfuðstöðvar vegna ákjósanlegra skilyrða af hálfu stjórnvalda, vegna þess mannauðs sem í landinu býr og vegna mikils og góðs stöðugleika, hvort sem er í efnahagslegu eða stjórnmálalegu tilliti.

Fulltrúar viðskiptalífs, stjórnmálamenn og almenningur allur eiga að hampa þessum hugmyndum og láta á það reyna hvernig hægt verði að skapa sem besta umgjörð um fjármála- og þjónustufyrirtæki framtíðarinnar.

Umræður sköpuðust á breiðum grundvelli á fundum Viðskiptaráðs og á það var bent að ekki væri um að ræða neina sérhagsmuni aðila úr þessum anga atvinnulífsins. Þvert á móti væri mikið í húfi fyrir allan þorra manna að laða til landsins þjónustugreinar með háa framlegð sem krefjast fárra auðlinda nema vel menntaðs vinnuafls.


Mikill virðisauki fylgir fjármálaþjónustu af hvers kyns tagi, sama hvort rætt er um ráðgjöf, tryggingastarfsemi, fjármögnun, lífeyrissjóði, rekstur eignarhaldsfélaga eða aðra þjónustu á þessu sviði. Mikill virðisauki í atvinnugrein hefur jákvæð áhrif á þjóðarbúið í heild enda er fjármagn hagkerfis nýtt á skilvirkan máta í arðbærum fjárfestingum.

RÁÐNINGARSTOFAN ÍSLAND

Eins og fjallað var um í síðasta kafla er hlutfall erlendra ríkisborgara orðið með því hæsta sem gerist á Norðurlöndum. Mikill meirihluti þeirra er á vinnumarkaði og enn fleiri ef taldir eru þeir aðilar sem sótt hafa um tímabundin

atvinnuleysi á grundvelli samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Litlu hagkerfi er nauðsynlegt að stuðla að því að hæft vinnuafli sæki til landsins í vaxandi mæli á næstu árum. Þessi þróun hefur verið góð.

ÚTGÁFA NÝRRRA,
TÍMABUNDINNA
ATVINNULEYFA Á ÍSLANDI
1997-2005



Þegar rýnt er í tölur yfir veitt atvinnuleysi árið 2005 vekur það sérstaka eftirtekt að aðeins fimm manns var veitt atvinnuleysi sem sérfræðingar á Íslandi síðast árið. Hins vegar ber að líta til þess að óbundin atvinnuleysi voru

350 talsins. Þessar tölur ætti hinsvegar að vera þveröfugar. Á næstu árum ættum við að leita leiða til að laða hingað velmentað fólk sem eru sérfræðingar á sínum sviðum.

Landsframleiðsla á mann er góður mælikvarði á velmegun þjóða í alþjóðlegu samhengi. Eins og neðangreind tafla sýnir þá eru Íslendingar með 7. hæstu landsframleiðslu á mann mælda í Bandaríkjadöllum. Það vekur athygli að flestar þjóðirnar í sætunum fyrir ofan Ísland eiga það sammerkt að hafa gert gangskör að endurbótum í skattamálum og má flokka sem alþjóðlegar fjármálamiðstöðvar. Menn geta svo spurt sig hvort tilviljun ein ráði því að lífsgæði þar séu meiri en á meðal annarra þjóða.

VLF Á MANN Í BANDARÍKJADÖLLUM

1. Lúxemborg	70.744	6. Írland	44.923
2. Noregur	54.433	7. Danmörk	44.725
3. Frakkland	50.400	8. Ísland	41.765
4. Sviss	48.389		

1.3.1

ELTUM UPPI FORYSTUÐJÓÐIR - OG TÖKUM FRAM ÚR ÞEIM

Fjarmagn er kvikasti skattstofn sem fyrirfinnst enda er auðvelt að færa það á milli landa. Á þessu hafa ríkisstjórnir fjölmargra Vestrænna ríkja áttað sig og hafa beitt sér fyrir umbótum á rekstrarumhverfi fyrirtækja, sér í lagi með það fyrir augum að laða að fyrirtæki og einstaklinga í

alþjóðlegri fjármálastarfsemi.

Á síðustu fimm árum hafa Danir, Svíar, Hollendingar, Belgar, Ástralir og Írar komið á viðtækum umbótum á skattkerfi og rekstarumhverfi fyrirtækja með það fyrir augum að laða til landanna aukna starfsemi á sviði alþjóðlegra fjármála. Þjóðirnar hafa gengið misjafnlega langt í umbótunum. Hins vegar er stefnufesta stjórnvalda rauður þráður í uppbyggingu fjármálamiðstöðvar - enda líta erlendir fjárfestar sér í lagi til stöðugs rekstrarumhverfis og fyrirsjáanleika við ákvörðun á staðsetningu.

Að sama skapi er mikilvægt að fylgjast með þróun á alþjóðlegum vettvangi og koma í veg fyrir tæknilegar hindranir á fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi, sér í lagi vegna misbresta í skattalöggjöf, eins og nánar er fjallað um í skýrslunni. Skattkerfið lýtur sömu lögmálum og annað gangverk samfélagsins og þarf að vera í stöðugri mótun og svara breyttum áherslum atvinnulífs ekki síður en almennings. Frumkvæði fjármálaráðherra að endurskoðun skattkerfisins er gleðiefni. Eitt stendur þó út af borðinu, skilja þarf undan skattlagningu hagnaðar vegna sölu móðurfélags á dótturfélagi. Í þessum efnum er mikilvægt að fylgja þróun á alþjóðavettvangi ef Ísland ætlar ekki að dragast aftur úr öðrum þjóðum. Þróunin er á eina leið enda hafa Svíar, Danir, Belgar, Lúxemborgar, Hollendingar, Þjóðverjar og Ástralar stigið þetta heillaskref til að tryggja rekstrarskilyrði eigin fyrirtækja og bæta stöðu eftirlitsaðila. Breytingin tryggir að endanleg skattlagning tekna fari fram í heimalandi og getur laðað að erlenda fjárfesta og eignarhaldsfélög.

Að sama skapi eru breytingar af þessum toga líklegar til þess að styðja enn frekar við önnur fyrirtæki á sviði sérfræðipjónustu enda krefst fjármála- og eignaumsýsla þátttöku lögfræðinga, endurskoðenda, markaðsfyrirtækja, tæknifyrirtækja og annarra sérhæfðrar þjónustu. Að mörgu leyti má draga lærdóm af útrás íslenskra fyrirtækja sem hefur haft mikil áhrif á vöxt stoðþjónustu sérfræðinga af ýmsum toga. Að sama skapi átti svipuð þróun sér stað í Finnlandi og Svíþjóð þegar fjarskiptarisarnir Nokia og Ericsson stækkuðu ört og vöxtur þeirra studdi við vöxt smærri þjónustufyrirtækja af mörgum toga.

1.3.2

AFNEMUM HINDRANIR Á FJÁRFESTINGU ERLENDRA AÐILA

Til að geta staðið undir auknum kröfum um bætt lífsskjör verður að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, eins og fjallað er um að framan. Því þarf íslenskt atvinnulíf að taka þátt í aukinni alþjóðavæðingu viðskipta í heiminum og auka útflutning á vöru og þjónustu. Þá er ekki síður brýnt að erlendir fjárfestar geti tekið þátt í fyrirtækjastarfsemi hérlandis með beinum hætti.

Takmarkanir á erlenda fjárfestingu í löndum OECD eru allnokkrar en fara þó minnkandi. Algengustu takmarkanir á erlenda fjárfestingu í OECD ríkjum eru í raforkugeiranum, fjarskiptum og samgöngum. Þær ástæður sem nefndar eru fyrir þessum takmörkunum eru oft af pólitískum, efnahagslegum eða félagslegum toga. Á síðasta áratug voru m.a. þau rök notuð gegn auknum heimildum útlandinga til fjárfestinga að þessir innviðir væru mikilvægir hlekkir í þjóðaröryggi. Þá gætir þeirra sjónarmiða í umræðunni að erlend fjárfesting, ekki síst stórra fjölþjóðlegra fyrirtækja, í mikilvægri atvinnustarfsemi geti ógnað sjálfstæði ríkja, ekki síst lítilla ríkja.

Á sama tíma bjóða flest aðildarríki OECD sérstakar ívilnanir fyrir erlenda fjárfestingu á tilteknum sviðum. Það á við hérlandis eins og í öðrum OECD ríkjum. Takmarkanir og hindranir á sumum sviðum en ívilnanir á öðrum geta haft neikvæð áhrif og dregið úr samkeppni á tilteknum sviðum en aukið fjárfestingu á sviðum sem ekki eru eins hagkvæm. Þannig ráðast fjárfestingar fremur af



pólítískum straumum og stefnum heldur en af því hvar og í hverju hagkvæmast er að fjárfesta.

Í skýrslu OECD segir að á síðustu áratugum hafi skilningur aukist á gagnsemi fjárfestinga yfir landamæri. Sá skilningur hafi komið best í ljós með nýjum alþjóðlegum samningum um fjárfestingu yfir landamæri eins og á vettvangi WTO. Þrátt fyrir aukinn skilning á mikilvægi og kostum fjárfestingar yfir landamæri.

Helstu hindranir í erlendum fjárfestingum hérlandis, eru í sjávarútvegi og orkuframleiðslu. Á sama hátt og í öðrum ríkjum eru færð ýmis pólítísk rök fyrir takmörkunum á fjárfestingum erlendra aðila. Því hefur til að mynda verið haldið fram, að mikilvægar auðlindir verði ávallt að vera í höndum íslenskra aðila, til að tryggja hagsmuni Íslendinga.

Það er eðlilegt að þessi sjónarmið heyrast en málið snýst þó ekki um hvort útlendingar eða Íslendingar eigi náttúruauðlindir landsins. Hlutverk löggjafans er fyrst og fremst að setja þeim fyrirtækjum, sem eiga eða nýta auðlindir, lagaramma til þess að fara eftir. Í framhaldinu skiptir ekki máli hvaða litur er á vegabréfi þeirra sem eiga fyrirtækin. Rökin fyrir aukinni fjárfestingu útlendinga í íslensku efnahagslífi hérlandis eru meðal annars þessi: Næsta skref erlendrar útrásar íslenskra fyrirtækja verður ekki tekið nema opnað verði fyrir fjárfestingar útlendinga hér á landi. Ástæðan er sú að útrás fyrirtækja gengur ekki aðeins út á að íslensk fyrirtæki kaupi erlend, heldur þurfa útlendingar að geta orðið hluthafar í íslenskum fyrirtækjum í gegnum samruna.



Í niðurstöðum erlendra athugana hefur komið fram að aðkoma erlendra fjárfesta að fyrirtækjum hefur aukið arðsemi fyrirtækjanna. Í finnskri athugun kom m.a. fram að erlendir fjárfestar eru kröfuharðari og veita meira aðhald varðandi frammistöðumat en þeir finnsku. Þeir færðu einnig fyrirtækjunum oft nýja þekkingu eða aðferðir sem nýttust fyrirtækjunum vel.

Erlent fjármagn veitir aðhald varðandi val á fjárfestingarkostum. Ljóst er að erlendir fjárfestar hafa í mörgum tilfellum gríðarlega þekkingu á ólíkum fjárfestingakostum og búa yfir upplýsingum og reynslu sem nýst getur nýsköpunarfyrirtækjum sem öðrum fyrirtækjum hérlandis.

Með þátttöku erlendra fjárfesta í fyrirtækjum hérlandis gefst fyrirtækjunum aukinn kostur á því að tengjast alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Þau íslensku fyrirtæki, sem nú eru að hluta í eigu útlendinga, hafa bent á að með tengingu við erlenda fjárfesta hafi þau öðlast þekkingu á kröfum þeirra og væntingum og skapað sér erlend tengsl sem hafa reynst fyrirtækjunum dýrmæt.

Takmarkanir í lögum um fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi meðal annars í sjávarútvegi og orkuframleiðslu draga verulega úr möguleikum á að laða erlent fjármagn og þekkingu inn í íslenskt atvinnulíf og slíka löggjöf ætti að taka til gagn Gerrar endurskoðunar þannig að hægt sé að stuðla að hagkvæmari nýtingu fjármagns á Íslandi framtíðarinnar. Slík ákvæði þarf að rýmka þar sem þau eru tvímælalaust höft á helstu atvinnugreinar landsmanna. Þó fara megi framhjá ákvæðum um takmarkaða óbeina fjárfestingu í sjávarútvegi með ýmsum hætti, eins og lánveitingum, þá leggja

flestir stærri fjárfestar áherslu á að fara að lögum fjárfestingarlandsins og leita því frekar annað með sitt fjármagn. Hömlur af þessu tagi standa því í vegi fyrir aukinni fjölbreytni í efnahagslífinu og standa framþróun innanlands fyrir þrifum.

1.3.3

VIÐJI OG STAÐFESTA ER ÞAÐ SEM ÞARF

Tölurnar tala sínu máli: Fjármála- og sérhæfðri þjónustustarfsemi fylgir mikill virðisauki og tekjur innan greinarinnar eru háar og menntunarstig starfsfólks mikið meira en í flestu öðrum greinum. Eins og sakir standa starfa um 3% vinnuafis landsins í fjármálaþjónustu en þiggja ríflega 6% launatekna landsins. Að sama skapi hefur hlutur fjármálaþjónustu í landsframleiðslu vaxið í tæplega 7% á örfáum árum og er nánast jafn framlagi fiskveiða og vinnslu. Viðskiptaráð áætla að árið 2015 geti framlag fjármálaþjónustu verið orðið 10%, að 5% mannaflans starfi innan greinarinnar og 9% launatekna falli innan hennar og svipaður vöxtur getur hæglega átt sér stað í ýmsum stoðgreinum fjármála.

EINN, TVEIR OG GEIR ...



Oft eru samningar milli ríkja forsenda þess að hægt sé að stunda viðskipti án hindrana við þau. Stöndum við þar öðrum ríkjum langt að baki, til dæmis hvað varðar fjölda tvísköttunarsamninga við önnur lönd. Tvísköttunarsamningar eru ein af meginforsendum þess að viðskipti milli landa verði arðbær og að fyrirtæki staðsetji höfuðustöðvar sínar eða dótturfélög á Íslandi. Mikilvægi þess að ríki hafi yfir að ráða öflugum neti tvísköttunarsamninga verður því seint ofmetið.

Mikilvægt er að utanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti leggi mikla áherslu á að fjölga tvísköttunar-, fjárfestinga- og loftferðasamningum við önnur lönd til ársins 2015. Mikið verk er fyrir höndum enda er Ísland aðeins gert ríflega 20 gilda tvísköttunarsamninga og landið hefur enn ekki gert loftferðasamninga við t.a.m. Kanada og Japan. Úr þessu þarf að bæta.

Stefnufesta stjórnvalda í umbreytingu íslensks atvinnulífs til ársins 2015 er mikilvægur þáttur á vegferð til umbreytingar íslensks samfélags í þjónustusamfélag á heimsmælikvarða. Að sama skapi verður að líta til þess að Ísland er agnarsmátt í alþjóðlegu samhengi - hvort sem lítið er til fjármála- eða þjónustumarkaða og örlítil hlutdeildaraukning íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum markaði hefur ráðandi áhrif á þjóðarbúið. Í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar mun hlutdeild fjármála- og þjónustuviðskipta halda áfram að aukast í íslensku þjóðarbúi til ársins 2015. Á Íslandi er einstakt tækifæri til uppbyggingar á fjármála- og þjónustuviðskiptum á næsta áratug; grípum tækifærið - það er ekki víst að það gefist aftur.

1.4

AÐGERÐARÁÆTLUN TIL ÁRSINS 2015

- Gera Ísland að samkeppnishæfasta landi heims.
- Tryggja að Ísland verði þekkt sem frelsisland.
- Stórauka enskukennslu á fyrstu skólaárum svo Íslendingar verði jafnvígir á bæði málin.
- Styrkja í sessi gott siðferði í viðskiptalífinu.
- Gera hagkerfið skapandi.
- Fjölga tvísköttunarsamningum, fjárfestingasamningum og loftferðasamningum.
- Afnema hindranir á fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi.
- Gera Ísland að einföldum og ákjósanlegum vinnustað fyrir nýja Íslendinga.
- Leggjast á eitt að gera Ísland einfaldara.
- Göngum aldrei skemur en samkeppnisþjóðirnar í umbótum á skattkerfinu.
- Gerum Ísland að miðstöð fjármála og þjónustu.

„MENNTUN VEITIR OKKUR FRELSI“

„ONLY THE EDUCATED ARE FREE“

EPICETUS (55-135), RÓMVERSKUR PRÆLL OG EINN AF FRUMKVÓÐLUM STÓUSPEKI

2. KAFLI

FJÖLSKYLDA OG MENNTUN Í FYRIRRÚMI

2.1**SKÓLAR Á HEIMSMÆLIKVARÐA**

Reglulegar fréttir af starfsskilyrðum og þjónustu í skólakerfinu benda til megnrar óánægju manna með hvernig að málum er staðið. Æftar ber á erfiðleikum við að manna stöður í leikskólum og verkföll grunnskólakennara undanfarinna ára hafa haft áhrif langt út fyrir hefðbundið skólastarf. Þá er þjónusta leikskólanna langt frá því að fullnægja þörfum viðskiptavinanna og lítil viðleitni er af hálfu þeirra sem þjónustuna veita að mæta kröfum neytenda, nemenda og foreldra t.d. um samfellda þjónustu yfir vetrartímann. Umræða síðustu missera, um breytingar á skólakerfinu með styttingu námstíma til stúdentsprófs, veitir svo vísbendingu um ósveigjanleika innan málaflokksins og hversu lítt stjórnvöld eru til þess fallin í eðli sínu að handstýra menntakerfinu.

2.1.1**GRUNN- OG LEIKSKÓLAR**

Tæplega er deilt um að vandi er til staðar á þessum fyrstu skólastigum. Að mati Viðskiptaráðs má rekja rót hans til miðstýringar og skorts á þátttöku frumkvöðla í rekstri á þessu skólastigi. Hvað varðar þann vanda sem leikskólar glíma við þessi misserin þá er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ástandið í dag er ekkert nýmæli. Leikskólar hafa ætíð staðið frammi fyrir starfsmannaskorti þegar vel árar almennt í efnahagslífi þjóðarinnar. Þannig glímdu leikskólarnir við þennan vanda í lok 9. áratugarins en þá, eins og nú, virtust skólarnir ekki geta keppt við starfskjör á almennum markaði. Enda kannski ekki nema von. Standi vonir manna til þess að svo verði þarf að færa rekstrarumhverfið í það horf sem þekkest á almennum markaði.

2.1.1.1**EINKAFRAMTAKIÐ OG LEIKSKÓLARNIR**

Það er vert að hafa í huga að leikskólar voru upphaflega settir á stofn af einkaaðilum og hugmyndafræði að baki daggæslu barna eiga því rætur í einkaframtakinu. Það hefur einnig verið hefð fyrir töluverðu vali foreldra þegar kemur að leikskólum, til dæmis að því leyti að það er ekki endilega valinn sá skóli sem næstur er heimili. Þetta er meðal þeirra þátta sem greinir leikskólastigið frá grunnskólastiginu og ætti öllu jöfnu að gera breytingar í leikskólamálum auðveldari og einfaldari viðureignar en á grunnskólastiginu. Samt er það svo að ákaflega lítið hefur miðað í átt að skilvirkari og þjónustumiðaðari leikskóla. Opinber rekstur er það rekstrarform sem ríkir í dag. Einkareknir leikskólar eru fáir, aðallega á höfuðborgarsvæðinu, og þeir eru einnig litlir.

Nú er það hins vegar svo að það er lítið því til fyrirstöðu að einkaaðilar hefji rekstur á sviði daggæslu, reyndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Einkareknir leikskólar eru að vísu bundnir af námsskrá menntamálaráðuneytis og öðrum reglum sem settar hafa verið um starfsemina. Sé hins vegar fallist á að um sé að ræða eðlilegar reglur og ekki óþarflega íþyngjandi má segja að aðgangur

að greininni sé opin. Niðurgreiðslur sveitarfélaga til daggæslu eru hins vegar það miklar að óraunhæft er að ætla einkaaðilum að keppa með beinum hætti við daggæslu á vegum hins opinbera. Einkareknir leikskólar hafa enda fengið greiðslur frá sveitarfélögum ýmist með hverju barni eða samkvæmt þjónustusamningi. Með því móti hafa nokkrir einkareknir leikskólar náð fótfestu á höfuðborgarsvæðinu til lengri eða skemmri tíma. Flestir há þeir þó baráttu við að ná endum saman fjárhagslega, trúlega vegna of lítilla rekstrareininga sem hver og einn þeirra er. Það sama má segja um það form einkarekinnar daggæslu sem elst er; gæslu hjá dagmæðrum (og dagfeðrum). Þeir sem sinna daggæslu í heimahúsum hafa átt í sívaxandi erfiðleikum í samningum sínum við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Í Reykjavík er framboð á þjónustu dagmæðra nú hverfandi en fjöldi dagmæðra hefur horfið frá störfum í ljósi aukins kostnaðar sem ekki virðist hafa verið hægt að mæta með auknum tekjum.

Vandinn sem við er að etja á daggæslusviðinu er því einkum fjárhagslegur. Í vissum tilvikum má rekja hann til aukinna krafna á hendur rekstraraðilum og þrengri heimilda hvað stærð rekstrareininga snertir. Þannig hefur leyfilegur fjöldi barna hjá dagmæðrum verið lækkaður undanfarin ár og er nú 4 börn á hverja dagmóður. Þegar slík takmörkun á tekjumöguleikum dagmæðra er gerð hlýtur að þurfa að koma til hærri greiðslna með hverju barni ef tryggja á áframhaldandi framboð þjónustunnar; annað hvort úr hendi foreldra eða sem hærri niðurgreiðsla frá sveitarfélaginu.

Bæði sveitarfélög og foreldrar verða að svara því með hvaða hætti á að fjármagna daggæslu barna miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þjónustunnar í dag. Þá er einnig nauðsynlegt að reglur um daggæslu veiti svigrúm til fjölbreyttrar þjónustu en í dag eru leikskólar bundnir af námsskrá og uppeldisstefnu menntamálaráðuneytis. Óhætt er að fullyrða að þeir sem hafa reynslu af fyrirtækjarekstri hugsi sig tvisvar um áður en þeir tækju við rekstri á sviði daggæslu miðað við stærð rekstrareininga í dag. Örfáir leikskólar í Reykjavík hafa pláss fyrir fleiri en 100 börn. Algengasta stærðin virðist vera 60-80 barna skólar. Viðskiptaráð telur að rekstrareiningar í daggæslu sé alltof litlar og megi vel stækka án þess að gæði þjónustu minnki. Ella verði rekstur leikskóla varla fýsilegur út frá hagkvæmnissjónarmiði. Þá telur Viðskiptaráð Íslands æskilegt að foreldrar taki



almennt ríkari þátt í fjármögnun dagvistunar með beinum hætti frekar en að styðjast við það millifærslukerfi sem nú er við lýði. Reynslan hefur sýnt það að sveitarfélögin bregðast ekki við þörfum markaðarins og standa greinilega ekki undir þeirri fjárhagslegu skuldbindingu sem fylgir þeim auknu kröfum sem þau sjálf setja daggæslunni. Einkareknir leikskólar hafa hins vegar sumir farið nýjar leiðir, bæði hvað uppeldisstefnu varðar svo og í launamálum með því að kynna nýja kosti við umbun starfsmanna.

Stéttarfélag leikskólakennara ályktaði fyrir nokkrum árum gegn einkarekstri á leikskólastigi. Slíkt viðhorf stéttarfélags, sem bæði er fagfélag og verkalýðsfélag sem nýtur skylduaðildar félagsmanna sinna, er að mati Viðskiptaráðs til þess fallið að draga úr frumkvöðlamætti þeirra sem stéttina skipa. Fram hefur komið í vinnu starfshópa Viðskiptaráðs um skólamál að ein ástæða þess hve fáir einkaaðilar hafi haslað sér völl við leikskólarekstur sé sú að reksturinn byggi að nánast öllu leyti á hefðbundinni kvennastétt; leikskólakennurum. Viðskiptaráð hefur fulla trú á að afstaða kvenna til eigin rekstrar sé smám saman að breytast og telur brýnt að stéttarfélög kvenna efli félagsmenn sína til dáða í einkarekstri fremur en að gera slíkan rekstur tortryggilegan. Þróun leikskólans verður ekki í takt við væntingar foreldra og þjóðfélagsins alls nema með sameiginlegu átaki og frumkvöðlastarfi einkaaðila.


2.1.1.2

EINKAFRAMTAKIÐ OG GRUNNSKÓLARNIR

Rekstrarfyrirkomulag grunnskóla hefur breyst mikið undanfarin ár, einkum árið 1995 þegar rekstur skólanna færðist frá ríki til sveitarfélaga. Einn ári var einnig bætt við grunnskólanámið sem tekur nú 10 ár. Með nýrri aðalnámsskrá árið 2000 urðu svo ýmsar breytingar er lúta að sjálfræði hvers skóla til ákvörðunar um námsfög sem í boði eru. Munar þar mestu um aukið frelsi skóla til þess að ráðstafa kennslustundum.

Þrátt fyrir þessar breytingar, sem hefðu alla jafna átt að geta verið sjálfstæðum skólum til framdráttar, hafa einkaskólar átt erfitt uppdráttar. Neikvætt viðhorf ráðamanna í einstökum sveitarfélögum til einkarekstrar almennt í skólakerfinu hafa leitt til þess að flestir þeir skólar sem enn starfa berjast nú í bökkum fjárhagslega og nemendum þeirra hefur fækkað stórlega. Það er einkum í Reykjavík og Kópavogi sem hefð er fyrir einkaskólum á grunnskólastigi. Gerð var tilraun með einkarekstur í Hafnarfirði fyrir nokkrum árum án árangurs en nú horfa menn helst til Garðabæjar með árangursríkan rekstur einkaaðila í menntakerfinu. Forsendan fyrir árangri einkarekstrarins þar er augljóslega sú jákvæða afstaða sem bæjaryfirvöld hafa til rekstrarins og samningar sveitarfélagsins við skólann um greiðslur með hverju barni sem eru sambærilegar við þann kostnað sem sveitarfélagið ber af hverju barni í skólum sem bæjarfélagið sjálft rekur.

HLUTFALL NEMENDA Í SJÁLFTÆÐUM SKÓLUM ÁRIÐ 2006 OG SPÁ TIL ÁRSINS 2015



Viðskiptaráð Íslands hefur lengi óskað eftir því að málefni einkarekinna grunnskóla séu til umfjöllunar með formlegum hætti hjá sveitarfélögum með það að leiðarljósi að tryggja starfsgrundvöll þeirra. Viðskiptaráð hefur bent á að hið svokallaða ávísanakerfi sé ein besta leiðin til þess að tryggja foreldrum möguleika á að velja skóla og tryggja um leið að það val standi öllum foreldrum til boða óháð efnahag. Þannig væri lagður grunnur að öflugri þróun á skólasterfinu á grunnskólastigi.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA STÍGUR MIKILVÆG SKREF

Nú liggur fyrir á Alþingi frumvarp menntamálaráðherra um breytingu á lögum um grunnskóla. Þar er lagt til að í lögum um grunnskóla verði kveðið á um rétt sjálfstætt starfandi grunnskóla til fjárframlags úr sveitarsjóði. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir greiðslu sveitarfélags með hverju barni í sjálfstætt starfandi skóla og skal fjárhæðin miðast við hlutfall af meðalkostnaði sveitarfélagsins með hverju barni í skólum sveitarfélagsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir lágmarksframlagi sem nemur 70-75% af þessum meðalkostnaði.

Viðskiptaráð fagnar þessari jákvæðu afstöðu yfirvalda menntamála og telur að hér sé tekið mikilvægt skref í átt að auknu valfrelsi foreldra um grunnskóla. Ráðið mun gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið í heild þegar málið verður til umfjöllunar menntamálanefndar Alþingis. Viðskiptaráð telur að færa megi rök fyrir því að eðlilegast sé að gera sjálfstætt starfandi skóla jafnhátt undir höfði fjárhagslega og opinberum skólum og því sé 75% af opinberum rekstrarkostnaði óraunhæft viðmið. Allt að einu telur ráðið frumvarp menntamálaráðherra ánægjulega þróun og vonar að það nái fram að ganga í vor.



Meðal þeirra sem sátu fundi framtíðarhóps Viðskiptaráðs komu fram sterkar skoðanir á námsefni grunnskólans. Virtust menn almennt sammála því að mun betur mætti nýta þann tíma sem grunnskólinn hefur til umráða, einkum fyrstu námsár barnanna. Brýnast hefur mönnum fundist að efla tungumálakennslu á fyrstu árum. Það leikur enginn vafi á því að útrás íslensks atvinnulífs byggist öðrum þræði á vitundarvakningu um efnahagslíf annarra landa. Það sem kallað hefur verið menningarläsi, þekking okkar á siðum og venjum í öðrum löndum, er og undirstaðan að góðum árangri útrásar. Tungumálakunnátta er forsenda þess að vel gangi. Það er liðinn sá tími er einföld enskukunnátta í bland við þokkalega skandínávísku dugði í flestum samskiptum íslenskra athafnamanna við útlönd. Til framtíðar þarf að horfa til stærri málsvæða.

Hugmyndir manna um aukið vægi grunnskólastigsins helst að sjálfsögðu í hendur við áform um styttingu náms til stúdentsprófs en þar hefur sitt sýnst hverjum. Fyrirhugað er nú að stytta framhaldsskólann um eitt ár en margir foreldrar, og nemendur, hafa sett þá skoðun fram að miklu nær væri að stytta grunnskólann um eitt ár. Þannig yrði grunnskólinn hnitmiðaðri og komið væri til móts við þá algengu skoðun að þau 10 ár sem grunnskólinn spannar séu ekki nýtt með besta móti.



2.1.2

FRAMHALDSSKÓLAR

Einkaframtakið á sér langa sögu á framhaldsskólastiginu en hins vegar ekki fjölbreytta. Verslunarmenn í Reykjavík stóðu að stofnun Verzlunarskóla Íslands árið 1905. Viðskiptaráð Íslands kom að yfirstjórn skólans árið 1922 og hefur síðan þá tekið þátt í uppbyggingu og þróun skólans.

Enginn vafi leikur á því að þau tengsl sem skólinn hefur þannig haft við atvinnulífið hefur verið honum til framdráttar. Þá hefur skólinn verið uppspretta hugmynda og framþróunar á öðrum skólastigum, einkum á háskólastigi en Háskólinn í Reykjavík á rætur í frumkvöðlastarfi Verzlunarskólans.

ALPJÓÐLEGIR SKÓLAR ERU EÐLILEGT SKREF VEGNA VAXTAR FYRIRTÆKJA

Það er mikilvægt að íslenskt atvinnulíf taki vel á móti þeim hugmyndum sem upp koma um alþjóðlega skóla. Slíkir skólar eru eðli málsins samkvæmt dýrir, nemendur gjarnan mun færri en almennt gerist. Íslenskir nemendur hafa því alla jafna ekki verið kaupendur þjónustunnar. Með stuðningi atvinnulífsins mætti gera alþjóðlegan skóla að raunhæfum kosti, einnig fyrir Íslendinga.

Allar hugmyndir sem miða að því að fá vel menntaða sérfræðinga af erlendu bergi brotnu til starfa á Íslandi, hvort sem það er í viðskiptalífinu, á sviði heilbrigðismála eða menntamála, byggja á því að börn þeirra geti stundað nám í alþjóðlegum skólum á öllum menntastigum. Það er til lítils að ræða um alþjóðavæðingu íslensks viðskiptalífs ef

aðstæður á Íslandi koma í veg fyrir að eðlilegur straumur vel menntaðs fagfólks geti komið til landsins með fjölskyldur sínar og búið hér til lengri eða skemmri tíma.

Viðskiptaráð Íslands er bakhjarl Samtaka sjálfstæðra skóla sem stofnuð voru í mars 2005. Allir sjálfstæðir leik- og grunnskólar landsins, alls 35 skólar, eru aðilar að samtökunum sem hafa þann tilgang að gæta hagsmuna sjálfstæðra skóla, efla samheldni þeirra, skapa vettvang til skoðanaskipta og vera í fyrirsvari fyrir sjálfstæða leik- og grunnskóla gagnvart opinberum aðilum. Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, til þess að hlusta á ábendingar samtakanna um leiðir til þess að tryggja rekstrargrundvöll sjálfstæðra skóla.

Það er full ástæða til þess að hlusta á þær gagnrýnisraddir sem nú heyrast vegna styttingar náms til stúdentsprófs. Einkum í ljósi mikilla möguleika á uppstokkun á grunnskólastiginu eins og áður var minnst á. Framhaldsskólastigið býður upp á mikla möguleika til fjölbreytts náms. Viðskiptaráðið varar við þeirri miðstýringu sem framhaldsskólastigið lýtur og bendir á að með auknum einkarekstri á stiginu væri von til þess að námskostum fjölgi. Verzlunarskóli Íslands er dæmi um það og hefur skólinn jafnan farið ótroðnar slóðir í störfum sínum.

Nú eru aðeins tveir einkareknir framhaldsskólar, en auk Verzlunarskólans er það Menntaskólinn Hraðbraut sem tók til starfa árið 2003. Er hann einmitt ágætt dæmi um það hvernig einkaframtakið er miklu mun betur til þess fallið til að bregðast við þörfum nemenda. Löngu áður en hið opinbera ákvað formlega að stytta nám til stúdentsprófs var Hraðbraut komin fram sem kostur fyrir þá höfðu óskir í þá átt. Nú þegar einkarekstur á háskólastigi er kominn vel á veg með sitt fjölbreytta námsúrval er mikilvægt að sambærileg þróun eigi sér stað á framhaldsskólastiginu.

2.1.3

ALPJÓÐLEGIR SKÓLAR Á NEÐRI STIGUM


Í umræðum framtíðarhóps Viðskiptaráðs komu fram áhyggjur manna af þróun grunnskólans. Sérstaklega var á það bent að til þess að íslenskt atvinnulíf megi njóta starfskrafta erlendra sérfræðinga, eins og þekkist nú í auknum mæli undanfarin misseri, er mikilvægt að í boði sé skólakerfi í alþjóðlegum anda. Sérfræðingar sem hér starfa ýmist til lengri eða skemmri tíma eiga gjarnan fjölskyldur og börn á skólaskyldualdri. Þau íslensku fyrirtæki sem mesta reynslu hafa af störfum erlendra sérfræðinga hér á landi þekkja vel þann vanda sem fylgir því að geta ekki boðið upp á grunnskóla sem uppfyllir kröfur alþjóðlegra skóla; þar sem kennt er á ensku og námsefni í takt við það sem gerist í betri skólum erlendis. Lengi vel gátu menn notið starfa grunnskóla sem starfræktur var við bandaríska sendiráðið. Skólinn hefur hins vegar nú verið lagður niður en frumkvöðlar á sviði menntamála hafa undanfarin misseri leitast við að bjóða upp á alþjóðlegt nám fyrir grunnskólabörn á höfuðborgarsvæðinu.

HÁSKÓLANEMENDUR ÁRIÐ 2015

Það yrði til að æra óstöðugan að gera því skóna að viðlíka vöxtur í sókn Íslendinga í háskólanám muni halda áfram á næsta áratugi. Vöxtur undangenginna ára markast öðrum þáttum fremur af formbreytingu á háskólastiginu vegna aukinnar aðkomu einkaaðila að háskólanámi og vitundarvakningar um gildi framhaldsnáms í atvinnulífinu. Með því að líta á þróun síðustu ára má með grófri nálgun varpa fram spá um fjölda háskólanema á Íslandi á næsta áratug. Viðskiptaráð telur að samhliða auknum vexti

fjármálafyrirtækja og útrás íslenskra fyrirtækja muni sókn í greinar tengdar viðskiptum, lögfræði og verkfræði aukast mikið til ársins 2015. Að sama skapi má ætla að aukinn aðkoma einkaaðila að rekstri heilbrigðisstofnana muni verka sem hvati á frekari sókn námsmanna í greinar á heilbrigðissviði auk þess sem búast má við að áframhaldandi vöxtur verði í kennaramenntun í landinu sem nýtist á sífellt breiðari grundvelli en áður.

SPÁ UM FJÖLDA NEMENDA Í ÍSLENSKUM HÁSKÓLUM ÁRIÐ 2015



Ofangreind mynd sýnir varlega spá Viðskiptaráðs um fjölda nemenda í íslenskum háskólum árið 2015 miðað við vöxt síðustu ára. Framreikningar byggja á tölum Hagstofu Íslands um vöxt nemendafjölda í háskólum á árunun 2000-2004 og reynt er að ráða í fjölgun

einstakra greina út frá meðaltalsvexti síðustu ára. Tölurnar geta aldrei gefið annað en vísbendingu um framtíðarvöxt enda er örðugt að meta væntingar manna til náms í framtíðinni.

2.2

BYGGJUM UPP ÖFLUGRI ALPJÓÐLEGA HÁSKÓLA

Viðskiptaráð Íslands hefur haft í mörgu að snúast vegna háskólastigsins og er stolt af þeirri þróun sem það hefur stuðlað að með uppbyggingu Háskólans í Reykjavík. Einkaframtakið á háskólastiginu hefur ekki bara orðið nemendum til góðs með þeim hætti að nú eru í boði miklu fjölbreyttari námsleiðir en nokkru sinni fyrr. Sú samkeppni sem orðin er hefur einnig haft gríðarlega góð áhrif á starf Háskóla Íslands sem ennþá sinnir einn flestum þeim þáttum sem gerir skóla að háskóla. Þá hefur átt sér stað innan skólans, sem og í þjóðfélaginu öllu, nauðsynleg umræða um kostnaðarþátttöku nemenda.

2.2.1

EINKAFRAMTAKIÐ


Hjá framtíðarhópi Viðskiptaráðs kom fram sameiginlegur skilningur manna á þeim auði sem menntunin er. Viðskiptaráð telur því eðlilegt að þeir sem þann auð öðlist greiði fyrir það með einhverjum hætti. Því má heldur ekki gleyma að kröfur til menntastofnana aukast sífellt og kostnaðurinn þar með. Hófleg skólagjöld eru eðlilegt framhald þeirrar þróunar. Það hefur enda komið í ljós að slík gjaldataka aftrar nemendum fráleitt frá námi. Það sýna aðsóknartölur skólanna.

2.2.2

ÍSLENDINGAR SÆKI FRAMHALDSNÁM ERLENDIS OG ÚTLENDINGAR HÉRENDIS

Samhliða auknum verkefnum íslenskra fyrirtækja á erlendra grundu eykst krafan um sérhæfingu á vinnumarkaði sem hefur aftur mótandi áhrif á menntun vinnuafs. Hjá fundarmönnum í framtíðarhópi Viðskiptaráðs kom fram að æskilegt er að íslenskir námsmenn sæki sér menntun erlendis, framhaldsmenntun eða hluta af grunnmenntun. Það eykur viðsýni nemendanna sjálfra og færir íslensku atvinnulífi verðmæta þekkingu með ýmsum hætti sem ekki endilega verður lærð á bók heima fyrir. Nýir straumar og stefnur í vísindum og tækni berast enda helst til landsins með þessum hætti. Um leið verður að gera þá kröfu til íslenskra háskóla að þeir séu í stakk búinir til þess að bjóða útlinga velkomna í framhaldsnám hér á landi. Það er mikilvægt að íslenskt menntakerfi geri sig gildandi á alþjóðamarkaði.

Árið 1999 sóttu 7.538 háskólanemendur um framfærslulán hjá LÍN en árið 2005 voru umsækjendur orðnir 10.877. Þetta jafngildir um 44,3% fjölgun á sex ára tímabili. Lánþegum í íslenskum háskólum fjölgaði um ríflega 55% en það vekur hins vegar sérstaka eftirtekt að íslenskum nemendum í erlendum háskólum hefur ekki fjölgað nema um 17 af hundraði á tímabilinu, úr 2.169 námsmönnum árið 1999 í rétt um 2.527 námsmenn árið 2005.



ÞRÓUN Á FJÖLDA LÁNÞEGA
EFTIR LÖNDUM, 1999-2005

Eðli málsins samkvæmt er ekki óeðlilegt að samfara auknu námsframboði á háskólastigi innanlands með tilkomu t.a.m. Háskólans í Reykjavík og Viðskiptaháskólans á Bifröst, hafi hlutfallslega meiri vöxtur verið í aðsókn í nám á Íslandi en í útlöndum. Hins vegar er afar mikilvægt að námsmenn verði hvattir til að stunda hluta framhaldsnáms eða doktorsnáms utan Íslands.

Erfitt er að henda reiður á ástæður þessarar þróunar, en vatnaskil virðast hafa átt sér stað þegar sterkt gengi bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni náði hámarki árið 2001 og við hertar kröfur í útlendingaeftirliti Bandaríkjanna eftir 11. september 2001.

2.2.3

FJÖLBREYTNÍ ER ÓMETANLEG

Með auknu námsframboði í háskólamenntun hérlandis hefur hlutfall háskólamenntaðra einstaklinga náð svipuðu hlutfalli og þekktist í löndunum í kringum okkur. Þetta hlutfall var töluvert lægra en meðaltal OECD-landa fyrir aldamót. Viðskiptaráð Íslands fagnar þessari þróun þar sem fjölbreytni í menntun er afar mikilvæg og bætir samkeppnisstöðu landsins til lengri tíma lítið. Benda má á að um 80% yfirmanna 30 öflugustu útrásarfyrirtækja landsins hafa stundað nám erlendis og niðurstöður erlendra rannsókna benda til þess að því meira sem stjórnendur hafi menntað sig erlendis því meiri líkur séu á því að fyrirtækin sækji af krafti á erlenda markaði. Því þarf að skoða hvernig megi hækka hlutfall þeirra nemenda sem stunda framhaldsnám erlendis.

Íslenskir háskólar þurfa að efla tengsl við erlenda háskóla og fyrirtæki með það fyrir augum að nemendur stundi hluta náms eða þjálfun erlendis. Þetta getur bæði átt við um framhaldsskóla og háskóla. Dæmi um þetta eru m.a. tengsl Viðskiptaháskólans á Bifröst við Shanghæ háskóla í Kína. Íslensk fyrirtæki hafa í vaxandi mæli stutt háskólanemendur og veitt þeim margvíslega styrki. Ví hefur um árábil stutt nemendur til náms erlendis. Hvetja þarf námsmenn enn frekar til að sækja nám fjær heimalandinu, í Asíu og Bandaríkjunum, með námsstyrkjum. Skoða ber hvort opna eigi möguleika námsmanna til að fá skólagjaldalán vegna fyrrihlutanáms erlendis jafnvel þótt hægt sé að stunda sambærilegt nám í íslenskum skólum.

2.3

ÁFRAMHALDANDI SAMRÆMING VINNU OG FRÍTÍMA

Hefðbundið skipulag vinnutíma á Íslandi hefur ekki þróast í takt við aðrar breytingar í þjóðfélaginu á undanförunum árum. Afgreiðslutími verslana hefur verið rýmkaður, bankar eru opnir frameftir, bensínstöðvar og apótek allan sólarhringinn, ekkert tiltökumál þykir að búa á Selfossi og vinna í Reykjavík, veitingastaðir eru opnir fram á morgun, hægt er að velja um marga tugi sjónvarpsstöðva, frí dagblöð berast inn um lúguna, hægt er að ná í fólk allan sólarhringinn í gegnum farsíma, einkabankar netsins alltaf að störfum, fjöldi fólks er í skóla allan ársins hring - jafnt að degi sem kvöldi, hægt er að fá nýjar fréttir allan sólarhringinn, flugmiðar eru keyptir á netinu fyrirvaralaust og golf er orðið almenningsíþrótt.


Eftir sem áður vinnur stór hluti þjóðarinnar sinn hefðbundna vinnudag frá klukkan 9 til 17, fimm daga vikunnar nákvæmlega eins og ekkert hafi breyst. Slíkt fyrirkomulag er ekkert náttúrulegt og þarf alls ekki að henta öllum lengur með hliðsjón af þeim þjóðfélagsbreytingum sem orðið hafa að undanförunu. Í sumum tilvikum væri til dæmis mögulegt að koma 40 stunda vinnu fyrir á fjórum dögum og skipuleggja starfið þannig að allir starfsmenn ættu auka frídag. Sumum hentar til dæmis að byrja fyrr eða seinna á daginn og vera þá lengur eða skemur að störfum í staðinn. Breytt skipulag gæti skapað meiri tíma fyrir fjölskyldu og áhugamál og gæti minnkað fjarvistir frá vinnu á hefðbundnum vinnutíma. Breyttur vinnutími gæti verið breytilegur eftir árstímum, til dæmis þannig að kylfingar gætu hætt fyrr að vinna á sumrin.

Sveigjanlegri vinnutími yrði háður samningum aðila vinnumarkaðarins. Gera þarf ráð fyrir slíku í kjarasamningum samtaka starfsmanna og vinnuveitenda. Útfærslan yrði þá háð vinnusamningum einstakra starfsmanna og vinnuveitenda. Nauðsynlegt er að breytt fyrirkomulag yrði háð slíku samkomulagi enda misjafnt hversu vel það hentar mismunandi störfum og starfsmönnum. Verkalýðshreyfingar sums staðar í Evrópu er farnar að berjast fyrir því að vinnuvikan verði styttn í 35 tíma. Ekki er ólíklegt að byrjað verði að ræða slíka styttingu hérlandis innan skamms. Væri það til að auðvelda sveigjanlegri vinnutíma enn frekar.

MENNING OG FYRIRTÆKI ERU OG VERÐA ÓROFA HEILD!

Íslensk fyrirtæki eru mikilvægur bakhjarl lista, menningar og íþróttastarfs í landinu og framlög þeirra til málaflokkanna hafa vaxið mikið á síðustu árum. Samkvæmt nýlegri athugun sem náði til viðskiptabankanna þriggja og sparisjóðanna nam heildarframlag þeirra til menningarmála á árinu 2005 rétt um 560 milljónum króna. Ef miðað er við að samtals leggi öll önnur fyrirtæki landsins fjórðung þeirrar fjárhæðar til málaflokksins

árlega — sem er afar varlegt mat — er heildarframlag þeirra árið 2005 í kringum 700 milljónir. Ofangreind fjárhæð jafngildir tíföldum framlögum ríkissjóðs til Íslenska dansflokksins, tæplega þreföldum framlögum þess til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og 50% herra framlagi en ríkissjóður veitti til rekstrar Þjóðleikhúss samkvæmt ríkisreikningi árið 2004.



FRAMLÖG FYRIRTÆKJA TIL MENNINGAR Á ÍSLANDI TIL ÁRSINS 2015, Í MILLJÓNUM KRÓNA.

Engin ástæða er til annars en að ætla að stuðningur fyrirtækja við menningu fari vaxandi á næstu árum enda skynja fyrirtækin mikilvægi þess að stuðla að blómlegri menningarstarfsemi í landinu. Á neðangreindri mynd er reynt að henda reiður á hver þróunin verður í fjárframlögum fyrirtækja á næstu árum. Til að gefa innsýn í heildarfjárhæð styrkja fyrirtækja til ýmissa menningarmála árið 2015 er miðað við mismunandi árlegan vöxt til málaflokksins - 5%, 10% og 15% - og lesenda eftirlátið að meta hver sé líklegasta þróunin í þessum efnum.

Samhliða auknum stuðningi einkaaðila við hvers kyns menningarstarfsemi hefur rekstur sjálfstæðra aðila á sviði menningar vaxið gríðarlega á síðustu árum. Það er mat margra að slíkur vöxtur hefði ekki verið mögulegur án aðkomu fyrirtækja sem sjá sér hag í að styrkja frumkvöðla á sviði menningar og lista. Þannig er viðbúið að vegna aukins kaupmáttar landsmanna verði sífellt herra hlutfalli tekna veitt í tómstundir, menningu og listir árið 2015.



2.4 SÍMENNTUN VERÐI AUKIN

Þróun samfélagsins til ársins 2015 hefur það í för með sér að kröfur um aukna sérhæfingu vinnuaflsins verða háværari en áður. Slík sérhæfing á sér grunnstoð í aukinni háskólamenntun. Hraði framþróunar gerir það að verkum að í mörgum starfsgreinum og störfum eru gerðar auknar kröfur til grunnkunnáttu starfsmanna á mjög sérhæfðum sviðum. Atvinnurekendur fara því í auknum mæli fram á það í atvinnuauklýsingum að umsækjendur hafi lokið tilskilinni menntun og búi yfir reynslu sem nýtast muni þeim í starfi. Auk háskólamenntunar er þannig í sífellt vaxandi mæli leitað eftir ýmis konar löggiltum prófgráðum: Menntun fólks lýkur ekki lengur eftir að það hefur störf á vinnumarkaði.

Það er sama hvort borið er niður í atvinnulífi, markaði, stjórnsýslu, löggjöf eða annars staðar, hvarvetna kallar þróunin sem slík á aukna þekkingu og aukna menntun. Vegur símenntunar hefur því aukist á síðustu áratugum og skilningur á þörf símenntunar hefur aukist í sama hlutfalli. Hið opinbera og fyrirtækin í landinu telja mikilvægt að starfsfólk sé í takt við tímann og að þekking þess úreldist ekki í starfi. Því er sífellt meiri fjármunum varið til símenntunar starfsfólks. Stærri fyrirtæki og hið opinbera hafa jafnvel á að skipa starfsfólki sem sinnir fræðslumálum og símenntun eingöngu. Mörg fyrirtæki hafa lagt í umfangsmikla stefnumótun í fræðslu og símenntun starfsfólks.


Upplýsingabylting undanfarinna ára hefur einnig kallað á aukna fræðslu. Sífellt meiri fjármunum er varið í betri upplýsingatækni og tölvuforrit sem stuðla eiga að hagræðingu og tímasparnaði. En ekki er nóg að fjárfesta í tækninni heldur þarf og einnig að kenna notendum hvernig tæknin muni nýtast þeim sem hjálpartæki. Ef slíkt er ekki gert nýtist fjárfestingin í hugbúnaði og tækni engan veginn sem skyldi.

2.5

LÍFEYRISSJÓÐIR - GULLKISTA ÍSLENDINGA


Íslenska þjóðin er að eldast og aldurssamsetning hennar mun taka stakkaskiptum á komandi árum. Í allri umræðu um hugsanlegar breytingar á starfslokum, vinnufyrirkomulagi og nýtingu frítíma er nauðsynlegt að gefa gaum styrkri stöðu íslenska lífeyrissjóðakerfisins í því samhengi.

Eignir lífeyrissjóða hafa vaxið jafnt og þétt á síðustu árum og fagaðilar spá því að innan skamms verði eignir þeirra orðnar tvöföld landsframleiðsla - sér í lagi vegna mikils vaxtar séreignalífeyrissparnaðar og aukningar í framlögum vinnuveitenda. Þegar við skoðum þróunina á eignum lífeyrissjóða hér á landi síðasta áratug hafa heildareignir lífeyrissjóða sem hlutfall af landsframleiðslu farið úr rúmum 50% árið 1994 í ríflega 120% af VLF árið 2005. Mikill uppgangur á innlendum hlutabréfamarkaði hefur haft góð áhrif á stöðu sjóðanna enda hækkuðu eignir þeirra um tæpa 140 milljarða árið 2005 og nema heildareignir þeirra um þessar mundir rétt ríflega 1,1 billjón íslenskra króna (1.100 milljarðar).



ALDURSSAMSETNING
ÞJÓÐARINNAR TIL 2015

Sé litið til hlutfallslegrar þróunar einstakra aldurshópa sést að sífellt færri einstaklingar standa undir hverjum einstaklingi yfir sextugu (rauð sneið) árið 2015 á sama tíma og það fækkar hlutfallslega mikið í yngsta aldurshópnum (hvít sneið) eins og neðangreind mynd sýnir.



HLUTFALLSLEG
ALDURSSKIPTING ÍSLENSKU
ÞJÓÐARINNAR TIL ÁRSINS
2015

Sú styrka staða sem lífeyrissjóðir landsins búa við gera þá betur í stakk búna til að takast á við þá staðreynd að þjóðin er að eldast; sífellt færri vinnandi hendur standa að baki hverjum ellilífeyrisþega. Framtíðarstoðir lífeyriskerfisins munu halda áfram að styrkjast til ársins 2015 sér í lagi fyrir tilstuðlan séreignarlífeyrissparnaðar og mikilvægt er að halda áfram fræðslu um gildi sparnaðar þannig að launþegar landsins geti í auknum mæli tryggt sig fyrir efri ævikvöld með samspili lögbundins og valfrjáls lífeyrissparnaðar.

2.5.1
SAMANBURÐUR VIÐ ÖNNUR LÖND OECD

Í umræðu um styrka stöðu lífeyriskerfisins sker íslenska kerfið sig úr í samanburði við helstu nágrannalönd okkar. Ef lítið er til nýlegrar úttektar á lífeyriskerfum í nokkrum ríkjum OECD kemur glögglega í ljós sá vandi sem önnur ríki OECD standa frammi fyrir vegna lítillar fyrirhyggju í lífeyrismálum. Í samanburðinum er staða íslensku þjóðarinnar sterk í þessum efnum.

FRAMLAG Í LÍFEYRISSJÓÐI SEM HLUTFALL AF LANDSFRAMLEIÐSLU

	1995	2030
<i>Bandaríkin</i>	4,1%	6,6%
<i>Japan</i>	6,6%	13,4%
<i>Þýskaland</i>	11,1%	16,5%
<i>Frakkland</i>	10,6%	13,5%
<i>Ítalía</i>	13,3%	20,3%
<i>Bretland</i>	4,5%	5,5%
<i>Kanada</i>	5,2%	9,0%

Því er spáð að lönd eins og Þýskaland, Ítalía og Japan muni á næstu áratugum þurfa að stoppa upp í gat sem myndast hefur í lífeyrissjóðum landanna með allt að 10% aukningu á skattbyrði þegnanna. Slík stefna rímar illa við hugmyndir stjórnámálanna í þessum löndum um lækkun skattbyrði til langframa. Þannig er líklegt að í náinni framtíð verði tekist um það á vettvangi stjórnmála í þessum löndum hver forgangsröðun í lífeyrismálum eigi að vera, enda eru aðeins tveir kostir í stöðunni - að auka byrðar á vinnandi fólki eða draga úr lífeyrisgreiðslum til þeirra sem komnir eru af vinnumarkaði.

Styrk staða íslenskra lífeyrissjóða um þessar mundir er því mikið fagnaðarefni fyrir alla Íslendinga. Spár gera enda ráð fyrir að framlög í lífeyrissjóði á Íslandi sem hlutfall af landsframleiðslu verði óbreytt til ársins 2030 miðað við núverandi raunávöxtunarkröfu sem gerð er til þeirra - sem er öfug þróun miðað við önnur OECD-lönd eins og ofangreind tafla sýnir.

2.5.2
SVEIGJANLEG STARFSLOK

Með tilkomu lífeyrissjóða og síðar viðbótarlífeyrissparnaðar er ljóst að kjör eldri borgara munu fara sí batnandi á næstunni. Sú kynslóð sem nú er miðaldra hefur nokkuð háar tekjur og greiðir því háar fjárhæðir í lífeyrissjóði og eftir atvikum í viðbótarlífeyrissparnað. Þetta fólk mun því eiga töluverðan sparnað þegar aldurinn færist yfir. Slíkur sparnaður gerir fólki kleift að hætta fyrr að vinna en tíðkast hefur hingað til. Á móti kemur að heilsufar Íslendinga er að aukast og lífslíkur að batna. Fólk ætti því að geta unnið lengur en tíðkast hefur hingað til.

Þessar staðreyndir, þ.e. að fólk ætti að geta hætt fyrr eða seinna að vinna heldur en nú er, leiða til þess að rétt er auka valfrelsi í starfslokum. Með þessu er ekki átt við að nauðsynlegt sé að sett verði lög um þetta efni, heldur er þetta undir fólki sjálfu komið. Fólk getur sjálft stuðlað að því að það hafi kost á sveigjanlegum starfslokum. Annars vegar er mikilvægt að fólk velji sér sparnaðarleið sem gefur því kost á að taka út sparnaðinn fyrr en vanalega. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að löggjöf og reglur lífeyrissjóða geri ráð fyrir slíkum leiðum. Hinsvegar þarf að semja um það hvenær starfslok geti orðið við vinnuveitendur. Slíkt getur annað hvort farið fram í gegnum launþegasamtökin í kjarasamningum við atvinnulífssamtökin eða í vinnusamningum einstakra starfsmanna við vinnuveitanda sinn.

Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir að embættismanni skuli veita lausn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann nær 70 ára aldri. Starfsmenn hins opinbera hafa þannig ekki kost á því að vinna lengur en til 70 ára aldurs. Vel mætti hugsa sér að afnema þetta aldurshámark. Slíkt afnám yrði þó að fara samhliða breyttum reglum um brottvikningu opinberra starfsmanna. Upp gæti komið sú staða að tiltekin starfsmaður vildi halda áfram starfi sínu eftir sjötugt en að yfirmaður hans teldi hann ekki lengur hafa nægilega heilsu til að sinna starfinu. Verður þá að vera heimild fyrir yfirmanninn til að víkja starfsmanninum frá með einföldum hætti. Lengri starfsævi verður að vera háð gagnkvæmum vilja starfsmanns og vinnuveitanda.

AUKUM FRELSI LÍFEYRISSJÓÐA TIL FJÁRFESTINGA

Lög gilda um fjárfestingastefnu lífeyrissjóða í landinu á þann veg að sjóðunum er heimilt að skipta fjárfestingum sínum til helminga á milli skuldabréfa og hlutabréfa. Að sama skapi eru þær kvaðir settar á sjóðina að helmingur skulda- og hlutabréfa sé innanlands sem setur óþarfi kvaðir á eignasamsetningu lífeyrissjóða.

Kvaðir á fjárfestingastefnu lífeyrissjóða eru tilkomnar vegna mikilvægi sjóðanna á íslenskum verðbréfamarkaði en þegar hefur verið lagt fram frumvarp til laga á Alþingi um að fjárfestingaheimildir þeirra í hlutabréfum verði auknar úr helmingi í 60% eignasafns.

Aukið svigrúm sjóðanna - sem beita virkri áhættustýringu - er til þess fallið að styrkja rekstrargrundvöll þeirra enn frekar. Að sama skapi er sú hugmynd allrar athygli verð að lífeyrissjóðir komi í auknum mæli að annars konar fjárfestingum, t.a.m. við markaðsvæðingu raforkufyrirtækja, enda er aðkoma þeirra að slíkum fjárfestingum betur til þess fallin en aðrir möguleikar að tryggja dreift og traust eignarhald mikilvægra stofnana samfélagsins, t.d. Landsvirkjunar og annarra orkufyrirtækja.

2.5.3

LÍFEYRISSPARNAÐUR ER FORSENDI SVEIGJANLEIKANS

Grunnur að sveigjanlegum starfslokum liggur í lífeyrissparnaði landsmanna. Íslendingum hefur nú um árabíl gefist kostur á viðbótarlífeyrissparnaði. Hin lögboðni lífeyrissparnaður er 4% af launum sem starfsmaður greiðir auk 6% framlags atvinnurekanda. Viðbótarlífeyrissparnaður er 4% til viðbótar auk 2% mótfamlags atvinnurekanda. Framlag til lífeyrissjóða eykst því um 60% ef starfsmenn nýta sér viðbótarlífeyrissparnað. Einnig bjóðast fjölmargar aðrar sparnaðarleiðir bæði hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum. Mjög miklir fjármunir liggja í lífeyrissjóðum landsmanna, og er þar oft um að ræða verðmætustu eign hvers heimilis.

Með hækkandi launum, auknum mannfjölda og viðbótarparnaði munu þessir fjármunir stórukast til ársins 2015. Viðskiptaráð telur því að árið 2015 ætti frelsi í þessum málum að vera



meira þannig að leyst sé úr lífeyrismálum með kjarasamningum og vinnusamningum en ekki lögum. Þannig getur almenningur haft meira um það að segja hvernig þessari mikilvægu eign þeirra er ráðstafað. Einnig er mikilvægt að sjóðsfélagar í lífeyrissjóðum geti haft áhrif á stefnu sjóðsins og þannig veitt þeim aðhald sem fara með alla þessa fjármuni.


2.6

ALDRAÐIR: FYRSTA FLOKKS ÞEGNAR

Eitt helsta markmið flestra, þegar árin færast yfir, er að eiga þess kost að njóta efri árána eins lengi og mögulegt er. Mikilvægt er því að standa vörð um frelsi og sjálfstæði aldraðra og koma þarf fram við aldraða af virðingu og nærgætni. Þegar heilsan brestur, hvort sem er líkamlega eða andlega er hætt við að sjálfsákvörðunarréttur aldraðra sé skertur.

Skýrt var frá því í fjölmiðlum á liðnu ári að aldraðir sem búa á hjúkrunar- og elliheimilum búi oft og tíðum við skert sjálfræði hvað varðar hvenær sé matast, persónulega umhirðu og hvenær gengið sé til náða. Að mati Viðskiptaráðs er það mikilvægt að kappkostað sé að veita þeim sem búa á stofnunum það sjálfræði sem unnt er, sérstaklega hvað varðar grunnþarfir og frelsi einstaklingsins.

Brýnt er að öldruðum sé gert kleift að búa heima eins lengi og kostur er. Því er nauðsynlegt að efla aðstoð, skilgreina þjónustustefnu og þörf og samþætta heimaþjónustu og heimahjúkrun í eina samfellda þjónustu við þennan aldurshóp. Í dag er annars vegar starfrækt heimahjúkrun á vegum



heilsugæslunnar og hins vegar félagsleg aðstoð við aldraða á vegum sveitarfélaganna. Viðskiptaráð telur það allrar athyglivert að athuga breytingu á þessu fyrirkomulagi og samþættingu þjónustunnar og þá jafnvel að einkaaðilar taki að sér slíka þjónustu að hluta eða í heild í formi þjónustusamninga.

Telja verður það líklegt að aukin aðstoð og heimaþjónusta við aldraða sem búa utan stofnana leiðir til þess að þörfin fyrir hjúkrunarrými minnkar í framtíðinni. Jafnframt er slíkt fyrirkomulag líklegra til þess að aldraðir haldi sjálfræði sínu lengur og komið sé í veg fyrir að aldraðir leggist inn á stofnarnir sökum skorts á félagslegu öryggisneti og aðhlynningu

Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands er áætlað að fjöldi Íslendinga á aldrinum 67 ára og eldri meira en tvöfaldist, frá því að vera 30.901 árið 2006 í að vera 67.126 árið 2045 og hlutfall þessa aldurshóps af mannfjölda hækka úr 10,5% í tæp 19% árið 2045. Í ljósi þessarar aukningar má telja að enn þá brýnna sé að efla styrkja og samþætta heimaþjónustu við aldraða.

2.6.1

LAUSNIR Í STAÐ VANDAMÁLA

Félagslegt öryggi og góður aðbúnaður aldraða er nauðsynlegur þjóðfélaginu. Skortur á vistunarrými eða úrræðum fyrir þá sem eru heilsu litlir eða veikburða, skortur á hvíldarinnlögnum, heimaþjónustu, hjúkrunarrýmum getur haft mun meiri þjóðfélagslegan kostnað í för með sér

heldur en ef þessi úrræði væru til staðar. Viðskiptaráð leggur á það áherslu að málefni aldraðra séu metin heildstætt og að ítarleg þarfa- og kostnaðargreining fari jafnan fram.

Vandinn við umönnun felst fyrst og fremst í því að þörfin á úrræðum sé jafnan metin og að viðeigandi úrræði séu jafnan til staðar. Léleg heimaþjónusta eða illa skipulögð getur haft í för með sér að þeir aldraðir, sem búið gætu heima með meiri stuðningi, séu nauðbeygðir að flytjast á stofnanir eða heimili fyrir en nauðsynlegt er.

Skortur á viðeigandi vistunarúrræðum og þjónustu getur haft í för með sér þjáningar fyrir þann aldraða, vinnutap fyrir aðstandendur hans sem taka þurfa að sér aðhlynningu hans um lengri eða skemmri tíma, ásamt því að dýrari rúm á hátæknisjúkrahúsum geta verið upptekin af veikburða eldra fólki sem hvorki kemst lönd né strönd vegna skorts á hjúkrunarrými eða stuðningsþjónustu við þeirra hæfi. Viðskiptaráð telur því að sífellt mikilvægara verði í framtíðinni, í ljósi þess að hlutfall aldraðra í þjóðfélaginu mun fara vaxandi, að þessum málaflokki sé gefinn aukinn gaumur og þjónusta við aldraða verði metin heildstætt.

EIGNIR ÍSLENSKRA LÍFEYRISSJÓÐA Í SAMANBURÐI VIÐ OLÍUAUÐ NORÐMANNA

Það stendur skrifað að lengi búi að fyrstu gerð og styrk staða íslensks lífeyriskerfis endurspeglar vel þau sannindi, enda á þjóðin meira en 1,1 billjón í lífeyriskerfinu - sem jafngildir um 120% af VLF - og spár gera ráð fyrir að eignir sjóðanna eigi eftir að tvöfaldast á næstu tíu árum miðað við ávöxtun síðustu ára.

Fjárhæðirnar eru slíkar að tölulegur samanburður er til þess fallinn að skerpa sýn manna á stöðu íslenska lífeyrissjóðakerfisins. Þannig nemur olíuauður Norðmanna „ekki nema“ 60% af landsframleiðslu þeirra.

2.6.2

... EINKAREKSTUR HEFUR GEFIÐ GÓÐA RAUN

Mikilvægt er að búa öldruðum gott öryggisnet í formi heilbrigðisþjónustu og þeirrar félagslegu aðstoðar sem þörf er á til þess að aldraðir geti búið einir og sjálfstæðir eins lengi og þeir treysta sér til. Í úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, taldi stofnunin að hvert hjúkrunarrými kostaði 12.500 krónur á dag, meðan þrjár vitjanir í heimaþjónustu kostuðu 8.000 krónur. Hægt er því að ná fram umtalsverðri hagræðingu með því að efla heimaþjónustu í stað þess að fjölga hjúkrunarrýmum.

Þeir sem með málaflokkinn fara þurfa að sitja í fyrirrúm þannig að frekar sé rannsakað hvernig best sé að haga bættri og aukinni þjónustu og gera hana skilvirkari og öflugri. Eðlilegur þáttur þess er að athuga hvort unnt sé að hagræða og minnka útgjöld með þjónustusamningum við einkaaðila þannig að hluti eða heild þjónustunnar verði boðin út. Fyrstu hjúkrunar- og elliheimilin voru reist að frumkvæði einstaklinga iðulega í formi sjálfseignastofnana; hið fyrsta Elliheimilið Grund sem stofnað var 1922. Flest hjúkrunarheimili í Reykjavík sem komið hefur verið á fót á suðvesturhorninu var komið á fót af einstaklingum eða félagasamtökum sem gera þjónustusamning við ríkið um þjónustuna. Árið 2002 tók síðan fyrsta hjúkrunarheimilið til starfa sem rekið er af einkahlutafélagi samkvæmt sérstökum þjónustusamningi við ríkið.

Af ofangreindu má sjá að mismunandi rekstarform hefur tíðkast í öldrunarþjónustu. Það er því ekkert til fyrirstöðu að úttekt sé á því gerð hversu hagkvæmt sé að breyta rekstarfyrirkomulagi heimaþjónustunnar.

2.7

AÐGERÐAÁÆTLUN TIL ÁRSINS 2015

Skólamál


- Minnka miðstýringu í skólakerfinu.
- Auka þátttöku frumkvöðla í skólamálum.
- Stækka einingar á leikskólastiginu.
- Auka beina kostnaðarþátttöku foreldra og nemenda.
- Tryggja rekstrargrundvöll sjálfstæðra grunnskóla með því að taka upp ávísunarkerfi.
- Fjölga þeim sem sækja sér framhaldsmenntun erlendis.

Atvinnumál

- Gefa starfsmönnum meiri kost á sveigjanlegri vinnustað, vinnutíma og starfslokum.
- Gefa fullt samningsfrelsi um viðbótarlífeyrissparnað.

Málefni aldraðra

- Tryggja öldruðum þá virðingu og frelsi sem þeir eiga skilið.
- Gera þarf öldruðum kleift að vera eins lengi heima og þeir kjósa og mögulegt er.



„MARKMIÐ ÁN ÁÆTLUNAR KALLAST ÓSKHYGGJA“

„A GOAL WITHOUT A PLAN IS JUST A WISH“

ANTOINE DE SAINT-EXUPERY (1900 - 1944), RITHÖFUNDUR OG ÆVINTÝRAMAÐUR

3. KAFLI

RÍKIÐ OG EINSTAKLINGURINN

Aðkoma einkaaðila að verkefnum sem áður voru alfarið á könnu opinberra aðila hefur aukist að undanfögnu. Samt sem áður eru umsvif ríkisins en mjög mikil og hafa þau raunar farið vaxandi. Reynsla af einkarekstri hefur í öllum tilvikum verið góð. Forstöðumenn ríkisstofnana hafa lítinn hvata til að til að hagræða í rekstri sinnar stofnunar. Þeir telja stundum að ef þeir reki stofnunina innan fjárlagaramma þá verði framlög til þeirra skert að ári. Oft er einnig ranglega litið svo á að það sé til marks um góða og vel rekna stofnun ef hún er stór og veltir miklum fjármunum. Stofnanir og starfsfólk þeirra hafa lítinn hvata til að veita góða þjónustu eða sýna viðskiptavinum sínum gott viðmót, enda getur viðskiptavinurinn ekki snúið sér annað.

Einkaaðilar hafa hinsvegar mikinn hvata til að veita sem besta þjónustu á sem lægstu verði. Markmið einkaaðila er að hámarka hagnað sinn. Ef þjónusta er ekki eins og best verður á kosið missa þeir viðskipti og verða þar með af hagnaði. Því minni sem kostnaður þeirra er því meiri er hagnaður þeirra af veittri þjónustu.

Flestir hafa veitt athygli, muninum á þjónustustigi og viðmóti í afgreiðslu stofnana eins og skattstofa og sýslumanna annars vegar og í afgreiðslu þjónustufyrirtækja eins og banka eða tryggingafélaga hinsvegar. Hér á eftir verða nefndir nokkrir málaflokkar þar sem ríkið mætti draga saman og hlutfall einkarekstrar mætti vera meira árið 2015.

3.1

MIKIÐ SVIGRÚM TIL FÆKKUNAR RÁÐUNEYTA OG STOFNANA

Árið 2006 eru 14 ráðuneyti starfandi á Íslandi. Ráðherrarnir eru 12 og fara því tveir þeirra með tvö ráðuneyti, þ.e. Halldór Ásgrímsson sem er forsætisráðherra og hagstofuráðherra og Valgerður Sverrisdóttir sem er iðnaðarráðherra og viðskiptaráðherra. Hátt í 700 manns vinna samtals hjá ráðuneytum og eru þar aðeins talin ráðuneytin sjálf en ekki undirstofnanir. Þetta þýðir að um 0,5% af heildarvinnuaflinu vinnur í ráðuneytum sem verður að teljast gífurlega hátt hlutfall.

Oft hafa stjórnmalamenn gengið fram fyrir skjöldu með háleitar hugmyndir um að sameina ráðuneyti og fækka þeim. Aldrei hafa slíkar hugmyndir náð fram að ganga. Það er enda ekki líklegt að menn séu áfjáðir í að taka ákvörðun um niðurlagningu eigin starfs. Ráðherrastólar eru einnig gjarnan notaðir sem skiptimynd í stjórnarmyndunarviðræðum og því þægilegt fyrir flokksformenn að hafa nokkra slíka upp í erminni.

Kostir þess að fækka ráðuneytum eru fjölmargir. Í fyrsta lagi sparast með því ýmis rekstrarkostnaður, svo sem við húsnæði og þess háttar. Í öðru lagi væri hægt að fækka starfsmönnum og ná með því niður launakostnaði. Í þriðja lagi yrði hagræðing í efsta lagi

valdapiðráðgjafar stjórnsýslunnar öðrum stofnunum, sem neðar eru, gott fordæmi. Í fjórða lagi yrðu fleiri óbreyttir þingmenn á Alþingi og væri því hægt að fækka þingmönnum einnig. Í fimmta lagi má nefna að ríkisstofnanir hafa tilhneigingu til að blása út og vaxa. Lítið ráðuneyti kann að virðast sakleysislegt en áður en menn vita af er það farið að semja lagafrumvörp og reglugerðir sem auka við verkefni þess. Stofnanir sem hafa lítið að gera reyna þannig að réttlæta tilvist sína með því að skapa sér verkefni í stað þess að draga saman seglin. Ráðuneyti hafa einnig tilhneigingu til að hafa margar undirstofnanir. Með fækkun ráðuneyta er dregið úr áhrifum útþenslutilhneigingar stjórnvalda.

Af ofangreindu má ráða að ýmsir kostir væru samfara fækkun ráðuneyta. Fólk getur haft mismunandi skoðanir á því hvaða ráðuneyti og hversu mörg ætti að sameina og vill Viðskiptaráð leyfa sér að gera tvær tillögur um slíkt. Í tillögu A er ráðuneytum fækkað í 11 en tillaga B gengur lengra og fækkar þeim í 7.

BANDARÍSKIR SKRIFFINNAR FÖLNA Í SAMANBURÐI VIÐ ÍSLENSKA STARFSBRÆÐUR

Til samanburðar má nefna þjóð þar sem búa 1.000 sinnum fleiri íbúar, en í Bandaríkjunum búa tæplega 300 milljónir manna. Þessari þjóð tekst að vera valdamesta þjóð heims með aðeins 15 ráðuneyti, einu fleira en Íslendingar. Þar eru landbúnaðarráðuneyti innanríkisráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, varnarmálaráðuneyti, vinnumálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, orkumálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, velferðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti, heimavarnaráðuneyti, ráðuneyti málefna uppgjafarhermanna og húsnæðis- og skipulagsráðuneyti. Þar sem Íslendingar eru herlaus þjóð mætti sleppa hernaðarmálaráðuneytinum þremur sem Bandaríkin hafa og eru þá eftir 12 ráðuneyti.

Íslendingar mættu taka sér Bandaríkin til fyrirmyndar að þessu leyti. Þar er enda frá upphafi mikil tilhneiging til að halda alríkinu í lágmarki. Miðstöð þess var valinn ómögulegur staður í Washington DC sem var utan alfaraleiðar og með óþægilega köldum vetrum og full heitum sumrum. Íbúar Washington eru taldir geta haft næg áhrif á valdstjórnina með nálægð sinni við valdamenn og hafa þeir því engan þingmann í fulltrúadeildinni eða öldungadeildinni. Öll mannvirki sem tengdust alríkinu, eins og Hvíta húsið, voru í upphafi byggð úr timbri en mannvirki sem tengdust fylkjunum og áttu að vera sameiginlegur vettvangur þeirra, eins og þinghúsið, voru byggð úr marmara. Þetta sýnir glögglega þá tilhneigingu að halda valdinu sem næst fólkinu og að halda öðru valdi í lágmarki.

3.1.1

LEGGJUM NIÐUR STOFNANIR Í STAÐ ÞESS AÐ SAMEINA ÞÆR

Gerðar hafa verið auknar kröfur um hagræðingu hjá hinu opinbera, meðal stofnana og ráðuneyta. Ber að fagna þeirri viðleitni, en betur má ef duga skal. Hluti af þessari þróun hefur verið sameining stofnanna. Þegar lögum er breytt til að sameina stofnanir eru þau rök oft nefnd að það sé gert í sparnaðarskygni. Viðskiptaráð kannaði hversu mikill sparnaður hefði orðið af sameiningu stofnana og kannaði framlag samkvæmt fjárlögum til sameinaðrar stofnunar annars vegar og hinsvegar fjárframlög sem áður voru til þeirra stofnana sem sameinaðar voru.

Í ljós kom að aldrei var sparnaður heldur alltaf útgjaldaaukning. Erfitt getur verið að segja til um það hvað veldur þessu. Væntanlega er þetta hluti af útgjaldatilhneigingu ríkisins sem nefnt var hér

3.1.2

FÆKKUM RÁÐUNEYTUM ÚR 14 Í 11

Félagsmálaráðuneyti myndi taka við almannatryggingamálum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og yrði þá nefnt velferðarráðuneyti. Samgönguráðuneyti yrði að innanríkisráðuneyti og tæki jafnframt við sveitastjórnarmálum frá félagsmálaráðuneyti og byggðamálum frá iðnaðarráðuneyti. Ferðamál færu frá samgönguráðuneyti til iðnaðar- og orkumálaráðuneytis. Hagstofa Íslands, viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti myndi sameinast undir nafni hins síðastnefnda. Auk þess mynd sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti verða að einu, eins og tíðkast víðast hvar erlendis.

2006

2015



3.1.3 ... EÐA GÖNGUM LENGRA OG FÆKKUM RÁÐUNEYTUM Í 7

Viðskiptaráð telur einnig vel framkvæmanlegt að fækka ráðuneytum um helming, eða í sjö. Það mætti gera með því að sameina heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti í eitt velferðarráðuneyti. Einnig mætti sameina Hagstofu Íslands, viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti undir merki þess síðastnefnda. Að lokum mætti sameina iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og umhverfisráðuneyti í eitt atvinnumálaráðuneyti.



að ofan. Forstöðumenn ríkisstofnana sæta kannski lagi þegar nýtt nafn er komið og vonast til þess að menn séu búnir að gleyma gömlu stofnuninni og hve mikið hún fékk á fjárlögum og vonast til að geta byrjað með nýtt borð með meiri fjáframlögum.

Einnig getur verið að nafn stofnunarinnar eitt og sér geti haft áhrif á þetta. Þegar stofnanir eru sameinaðar fá þær oft víðtækara og vinalegra nafn en gömlu stofnanirnar. Hinu nýja víðtæka nafni er þá ætlað að ná til verksviða gömlu stofnanna en nær kannski í mörgum tilfellum yfir fleiri svið. Mönnum finnst þá kannski að eðlilegt sé að stofnunin fái víðtækara hlutverk í samræmi við víðtækara nafn. Slík nálgun er hinsvegar með öllu óeðlileg og ólögleg. Stjórnvöldum er aðeins heimilt að taka að sér þau verkefni sem þeim er veitt með lögum og skiptir þá nafn stofnunarinnar engu máli. Væntanlega fylgja þessum sameiningum og auknu útgjöldum annað hvort fleiri verkefni og umfangsmeiri en Viðskiptaráð hefur hingað til mælst til þess að ríkið fækki verkefnum á sinni könnu heldur en hitt.


JÁKVÆÐIR, ÞJÓNUSTULIPRIR EMBÆTTISMENN

Ronald Reagan sagði eitt sinn: "The nine most terrifying words in the english language are: I'm from the government and I'm here to help." Það verður ekki annað sagt en að þessi orð séu stundum lýsandi fyrir það hugarfar sem fólk hefur almennt gagnvart stjórnvöldum. Margir líta stjórnvöld ekki jákvæðum augum og vilja helst forðast það að leita til þeirra eða hafa

samskipti við þau. Sumir embættismenn líta á verk sín sem vandamál. Borgarar sem leita til þeirra með mál sín geta oft verið vandamál og til ama í þeirra augum. Mikilvægt er að breyta hugarfari embættismanna þannig að þeir líti á verkefni sín í leit að lausnum en ekki vandmálum.


Viðskiptaráð kannaði einnig hvaða áhrif breyting á nafni stofnunar hefði á útgjöld hennar. Er þá ekki verið að tala um sameiningu heldur sömu stofnun með nýju nafni. Slíkri nafnabreytingu virðist alltaf fylgja meiri útgjöld og í nánast öllum tilfellum langt umfram verðlagsþróun. Mörg stofnanaheiti hafa dottið úr tísku eins og ráð, stofnun, eftirlit, nefnd, embætti og stjóri og hafa þau verið leyst af hólmi af nýjum heitum svo sem stofa, stöð og vernd. Nýju heitunum er væntanlega ætlað að veita stofnununum jákvæðara yfirbragð og þá jafnvel í augum fjárveitingarvaldsins. Starfssvið stofnanna verður þó ekki jákvæðara þótt nafninu sé breytt. Útlendingastofnun hættir til dæmis ekki að hafa eftirlit með útlendingum þótt nafni hafi verið breytt úr Útlendingaeftirlitinu.

FJÁRVEITINGAR TIL
STOFNANA FYRIR OG EFTIR
SAMEINGU EÐA
NAFNABREYTINGU




Hér að neðan eru nefnd þau tilvik af handahófi sem Viðskiptaráði er kunnugt um og tilgreint hvaða áhrif sameining stofnana eða breyting á nöfnum þeirra hefur haft á útgjöld.

Árið 1999 voru Landspítali og Borgarspítali sameinaðir í Landspítala háskólasjúkrahús. Samanlagður kostnaður spítalanna var árið 1999 17.703 milljónir en sameinaður spítali kostaði 18.773 milljónir árið 2000 eða um 6% meira.




Árið 2000 voru Lyfjæftirlitið og lyfjanefnd sameinaðar í eina Lyfjastofnun sem tók við hlutverki þeirrar fyrrnefndu. Í greinargerð með frumvarpinu sagði: "Sameining þessara stofnana er til hagræðis..." Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sagði: "Beinan kostnað við frumvarpið vegna [sameiningarinnar] má áætla um 10 m.kr. á ári." Útgjöld Lyfjæftirlitsins og lyfjanefndar voru samkvæmt fjárlögum ársins 2000 samtals um 68 milljónir en útgjöld Lyfjastofnunar voru hinsvegar 109 milljónir árið 2001. Kostnaður jókst því ekki um 10 milljónir heldur 41 milljón. Þetta þýðir að hækkunin var um 60%.




Árið 2001 tók til starfa sérstök stofnun, Persónuvernd, en hún tók við verkefnum tölvunefndar. Samning frumvarps vegna breytingarinnar var í höndum nefndar sem var m.a. skipuð þáverandi formanni tölvunefndar og núverandi forstjóra Persónuverndar. Kostnaður við tölvunefnd var aðeins um 5 milljónir á ári og var gert ráð fyrir að kostnaður við Persónuvernd yrði 42 milljónir eða 740% meiri en áður. Auk þess hafa kostnaðaráætlanir ekki staðist en samkvæmt þeim ætti stofnunin í dag að kosta 52 milljónir í samræmi við verðlagsbreytingar. Hún kostar hinsvegar 71 milljón í rekstri eða 37% meira (að teknu tilliti til verðlags) en áætlanir gerðu ráð fyrir þegar nafninu var breytt í Persónuvernd. Þetta er um 1080% meira en tölvunefnd kostaði á verðlagi dagsins í dag.



Árið 2002 voru Umferðarráð og Skráningarstofan sameinuð í Umferðarstofu. Í greinargerð með frumvarpinu sagði um sameininguna: "...næst með þessu rekstrarleg hagkvæmni." og "Ekki er gert ráð fyrir því að samruni Umferðarráðs og Skráningarstofunnar hf. í [Umferðarstofu] leiði til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð." Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis segir: "Reikna má með því að unnt verði að ná fram hagræðingu með sameiningu verkefna á þessu sviði..." Rekstur Umferðarstofu árið 2003 kostaði heilar 454 milljónir króna en rekstur umferðarráðs og Skráningarstofunnar árið 2002 kostaði 307 milljónir. Aukning rekstrarkostnaðar nam því 48%.




Árið 2002 voru Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, veiðistjóri og hreindýraráð sameinuð í Umhverfisstofnun. Í greinargerð með frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun segir: "...mun sameining [...] stuðla að hagkvæmni í rekstri." Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sagði: "Fjármálaráðuneytið telur að frumvarpið hafi ekki áhrif á kostnað ríkisins..." Heildarútgjöld stofnanna fyrir sameiningu voru 490 milljónir árið 2002 en framlög til Umhverfisstofnunar árið 2003 voru 582 milljónir eða 19% meira.



Árið 2002 var nafni Útlendingaeftirlitsins breytt í Útlendingastofnun. Í greinargerð með frumvarpinu sagði aðeins um þetta efni: "Útlendingastofnun er nýtt heiti á Útlendingaeftirlitinu sem þykir betur hæfa hlutverki stofnunarinnar." Kostnaður við Útlendingaeftirlitið var 133 milljónir árið 2002 en kostnaður við Útlendingastofnun var 149 milljónir árið 2003. Kostnaður við starfsemina jókst því um 12% við nafnabreytinguna.




Árið 2002 var nafni Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála breytt í Námsmatsstofnun. Í áliti fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sagði: „Ekki er gert ráð fyrir að sú áherslu- og nafnbreyting sem felst í frumvarpinu hafi áhrif á útgjöld ríkisins.“ Rekstur stofnunarinnar kostaði 77 milljónir árið 2001 en 83 milljónir árið 2002 og jókst því kostnaður við þetta um 8%.




Árið 2003 voru áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð, tóbaksvarnaráð og tannverndarsjóður sameinaðir í Lýðheilsustöð. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis


sagði: „Verði frumvarpið óbreytt að lögum eykur það útgjöld ríkissjóðs varanlega um 18 m.kr.“ Samanlagður kostnaður árið 2003 var 165 milljónir en kostnaður við Lýðheilsustöð var 228 milljónir árið 2004 eða 38% meiri. Kostnaður jókst því ekki um 18 milljónir heldur 63 milljónir.




Árið 2004 voru sjö heilsugæslustöðvar á Suðurlandi sameinaðar í Heilbrigðisstofnun suðurlands. Samanlagt kostnaður þeirra árið 2004 var 1.114 milljónir en kostnaður vegna sameinaðrar stofnunar var 1.240 milljónir árið 2005. Kostnaður jókst því um 11%.




Árið 2004 voru Garðyrkjakólinn, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins sameinuð í Landbúnaðarháskóla Íslands. Í frumvarpinu sagði: „Kostir sameiningar felast m.a. í því að [...] fjármagn nýtist betur.“ Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sagði: „...er gert ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan fjárheimilda stofnana og hafi því ekki áhrif á stöðu ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum.“ Rekstrarkostnaður árið 2004 vegna fyrrnefndu stofnanna var alls um 728 milljónir. Rekstur Landbúnaðarháskólans árið 2005 kostaði hinsvegar 764 milljónir eða 5% meira.



Árið 2005 voru Löggildingarstofa og Samkeppnisstofnun lagðar niður og við verkefnum þeirra tóku Neytendastofa, talsmaður neytenda og Samkeppniseftirlitið. Rekstur Löggildingarstofu og Samkeppnisstofnunar kostaði 385 milljónir árið 2005 en gert er ráð fyrir að Neytendastofa, talsmaður neytenda og Samkeppniseftirlitið kosti 447 milljónir árið 2006 eða 16% meira.



Árið 2005 voru Embætti yfirdýralæknis, veiðimálastjóra og kjötmatsformanns, Aðfangaeftirlitið og Plöntueftirlitið sameinuð í sérstaka Landbúnaðarstofnun. Rekstur embættanna og stofnananna kostuðu um 506 milljónir árið 2005 en gert er ráð fyrir að Landbúnaðarstofnun kosti um 585 milljónir árið 2006 eða 16% meira.



Árið 2005 var nafni Ferðamálaráðs breytt í Ferðamálastofu. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sagði: „...munu útgjöld ríkissjóðs hækka um allt að 6 m.kr. á ári...“ Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2006 mun rekstrarkostnaður Ferðamálastofu nema 265 milljónum en rekstur Ferðamálaráðs nam árið 2005 254 milljónum. Hækkunin nemur því um 4% og er ekki 6 milljónir heldur 11 milljónir.



FERÐAMÁLARÁÐ

+ 4%

FERÐAMÁLASTOFA

Í þeim þrettán tilvikum sem vitað er um síðan 1999 eykst kostnaður að meðaltali um 8% við sameiningu eða nafnabreytingu stofnanna. Minnt er á að eðlilegt hefði verið að kostnaðurinn hefði minnkað, að minnsta kosti staðið í stað. Samtals hafa þessar sameiningar og nafnabreytingar kostað skattgreiðendur 1.800 milljónir. Stofnanir ríkisins eru rétt um 1.000 talsins. Auk þeirra eru ráðuneytin 14 og sveitarfélög um 100 auk fjölmargra stofnana sveitarfélaga. Opinberar stofnanir eru því vel á annað þúsund. Það er því um ein stofnun á hverja 100 vinnufæra menn. Ljóst má vera af framangreindri upptalningu að sameining stofnana feli ekki sjálfkrafa í sér hagræðingu þótt víðeigandi lagafrumvörp hafi beinlínis gert ráð fyrir því.

Viðskiptaráð leggur því heldur til að stofnunum verði fækkað til ársins 2015 með því að leggja þær niður. Það er að minnsta kosti mikilvægt að fjárveitingavaldið sé meðvitað um það hvernig útlenslutilhneiging stofnana birtist í sinni verstu mynd þegar stofnanir eru sameinaðar eða nöfnum þeirra breytt.

Fjárveitingavaldið ætti því að fylgjast vel með því að veita ekki meiri fjármunum til sameinaðrar stofnunar heldur en veitt var samtals til forvera hennar. Meðal sameiningar sem nú er lögð til eru að Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinist. Mikilvægt er að fylgst sé með því að fjárveitingar lækki í kjölfar þeirra sameininga og fleiri.

3.2

HEILBRIGÐISMÁL: JAFNRÉTTI ER LYKILATRIÐI

Mikilvægt er að jafnrétti sé tryggt í umræðu um heilbrigðismál og á að vera grundvallarviðhorf til uppbyggingar heilbrigðiskerfisins. Vaxandi þekkingarsamfélag þarf á því að halda að sem flestir þegnar þess geti lifað og starfað með þeim afköstum sem þeir kjósa. Því er mikilvægt að enginn þurfi að neita sér um heilbrigðisþjónustu vegna fjárhagsörðugleika. Það er fagnaðarefni að landsmenn eru í auknum mæli að tryggja sig fyrir veikindum, slysum og dauðsföllum. Slíkar tryggingar eru til þess fallnar að létta á almannatryggingakerfinu sem verður til þess að auðveldara verður að veita fjármunum þangað þar sem þörfin er brýnust. Það er hlutverk ríkisins að sjá fólki fyrir heilbrigðisþjónustu á viðráðanlegu verði.

3.2.1

EINKAREKSTUR LYFTIR ÖLLU Á HÆRRÁ PLAN

Stærstur hluti útgjalda ríkisins rennur til heilbrigðismála eða rúmlega 40%. Aðkoma einkaaðila að rekstri í heilbrigðisþjónustu hefur hingað til ekki verið mikil. Hinsvegar er ljóst að eftir miklu væri að slægjast fyrir einkaaðila að fá að taka þátt í rekstri heilbrigðisstofnana. Ef opnað væri vel á aðkomu einkaaðila gæti myndast atvinnuvegur sem velti um og yfir 100 milljörðum íslenskra króna árið 2015. Til samanburður má nefna að heildarvelta í smásöluverslun var um 136 milljarðar á árinu 2005 og samanlögð velta tveggja af stærstu fyrirtækjum landsins, SH og SÍF var 118 milljarðar á árinu 2003.

HLUTUR HEILBRIGÐISMÁLA
AF RÍKISÚTGJÖLDUM ÁRIÐ
2004



■ Heilbrigðismál 24%
■ Annað 76%

Aðkoma einkaaðila að rekstri heilbrigðisstofnana þarf ekki að skerða jafnrétti til heilbrigðisþjónustu. Þannig mætti hugsa sér að einkaaðilum væri gefin kostur á að reka tilteknar stofnanir, t.d. dvalarheimili eða heilsugæslustöðvar en að ríkið héldi áfram að greiða fyrir þjónustuna og ákveða hvað teldist hæfileg kostnaðarþátttaka af hálfu notenda hennar. Til dæmis má nefna að tannlæknastofur og augnlæknastofur hafa verið reknar af einkaaðilum um langt skeið með góðum árangri. Er vandséð að sami árangur gæti ekki náðst, t.d. með heimilislækningar.

HÁTÆKNISJÚKRAHÚS VERÐI FJÁRMAGNAÐ AF EINKAAÐILUM

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að byggja hátæknisjúkrahús. Áætlaður heildarkostnaður er 40 milljarðar en þegar hefur verið veitt 18 milljörðum af söluandvirði Símans til verksins. Hið opinbera er ekki þekkt fyrir að halda sig innan kostnaðaráætlunar þegar kemur að slíkum framkvæmdum og verður því að telja

líklegt að kostnaður verði meiri. Viðskiptaráð telur að heppilegra hefði verið að ríkið hefði notað fyrrnefnda 18 milljarða til að greiða niður skuldir og lækka skatta og hefði þá getað leitað eftir samstarfi við einkaaðila um fjármögnun, byggingu og rekstur nýrra heilbrigðisstofnana.

3.2.2

ÚTRÁS HEILBRIGÐIS - NÆSTA BYLGJA?

Íslendingar eiga margt velmenntað heilbrigðisstarfsfólk sem gerir síauknar kröfur um bætt kjör og bætta vinnuaðstöðu. Þetta fólk hefur að miklu leyti lagst í víking og farið til starfa víða erlendis, til dæmis á Norðurlöndunum. Það má því segja að heilbrigðisstarfsfólk hafi fylgt íslensku atvinnulífi í útrás en ekki íslenskar heilbrigðisstofnanir. Það er enda ekki óeðlilegt í ljósi þess að þær eru undantekningalítið í eigu og rekstri af hálfu ríkisins. Eins og áður sagði gætu leynst mikil sóknarfæri fyrir einkaaðila í því að taka við rekstri ríkisrekinna heilbrigðisstofnana. Sóknarfæri gætu einnig legið í útrás, fyrir einkareknar heilbrigðisstofnanir.

HEILBRIGT ÍSLAND

Ísland hefur ímynd hreinleika og óspilltrar náttúru. Eitt frumlegasta og athygliverðasta útrásarverkefni síðustu ára er án vafa framleiðsla þáttanna um Latabæ (e. Lazy Town) fyrir alþjóðlegan markað. Boðskapur þáttanna er heilbrigt líferni með reglulegri hreyfingu og hóflegu og hollu mataræði. Því má velta upp hvort ekki megi samþætta ímynd Íslands og Latabæjar þannig að reynt verði að skapa Íslandi ímynd sem land heilbrigðs lífernis. Annars vegar mætti nota slíka ímynd til að markaðssetja íslensk matvæli á erlendum markaði. Hinsvegar mætti nota slíka ímynd til að markaðssetja íslenska ferðaþjónustu með því að efla heilsutengda ferðaþjónustu. Við ættum því að setja okkur það markmið að Ísland gæti verið orðið þekkt sem land heilbrigðis og hreinleika árið 2015.

Ef sett verða skýr og raunhæf markmið má auðveldlega ná árangri með samstilltu átaki. Slíkt yrði að vera sameiginlegt verkefni opinberra aðila eins og skóla og heilbrigðiskerfis í samstarfi við einkaaðila eins og ferðaþjónustu, sjávarútveg og landbúnað. Ef Ísland næði að skapa sér slíka ímynd kæmi það öllum þessum greinum að gagni. Aukin velmegun í heiminum hefur aukið hættu manna á að veikjast eða deyja úr svonefndum velmegunarsjúkdómum. Hefur þetta valdið heilsuþyngju sem mun á næstunni skella með fullum krafti á strönd vesturlanda. Mikil sóknarfæri gætu leynst í því fyrir Íslendinga að nota þessa bylgju til að fleyta sér inn á erlenda markaði.

Eins og fram kemur á öðrum stað í þessari skýrslu eru meðal atvinnutekjur lægstar í landbúnaði. Þetta er staðan þrátt fyrir að landbúnaðurinn séu sú grein sem nýtur hvað mestra ríkisstyrkja. Mikil sóknarfæri gætu legið í útflutningi landbúnaðarvara fyrir íslenska bændur sem myndi svo aftur stórbæta kjör þeirra. Flestir ættu að geta verið sammála um það að óbreytt ástand í landbúnaði er óásættanlegt, einkum fyrir bændur. Með hliðsjón af því hversu lítil mengun er hér og náttúran ósnortin ætti að vera auðvelt að kynna íslenskar landbúnaðarvörur sem heilsusamlegar. Þá er lífræn framleiðsla að ryðja sér til rúms og þarf í mörgum tilfellum ekki að breyta miklu í framleiðsluháttum til að hægt sé að selja vöru sem fullkomlega lífræna.

Í ferðaþjónustu væri hægt að nota þá sérstöðu sem Ísland hefur hvað varðar heitt vatn og mikinn fjölda útisundlauga. Fleiri staðir eins og Bláa lónið gætu rutt sér til rúms sem heilsulindir. Í tengslum við slíkt væri hægt að byggja upp heilsuþúðir hérlandis og erlendis í kringum íslenskar heilsuvörur. Slíkt er enda til þess fallið að laða hingað til lands efnaða útlendinga sem skilja mikið eftir sig. Fiskur hefur haldið lífinu í Íslendingum í hundruð ára og er einstaklega holl fæða. Sjórinn í kringum landið er ómengaður og ættu íslenskar sjávarafurðir því að geta verið jafn vinsæl heilsuvara og íslenskar landbúnaðarvörur.



Kjör heilbrigðisstarfsfólks hérlandis eru lakari en þekkist erlendis þótt oft sé um að ræða starfsfólk á heimsmælikvarða. Því má telja að hægt væri að bjóða útlendingum upp á að fljúga hingað til lands til að gangast undir aðgerðir á einkareknum stofnunum. Útlendingar gætu þannig séð sér hag í því að leggjast undir hnífinn hérlandis með minni tilkostnaði og minni biðtíma en í sínu heimalandi, en samt fengið þjónustu með sömu ef ekki meiri gæðum.

3.2.3

ALMANNATRYGGINGAR

Vakin var athygli hér að framan á mikilvægi jafnréttis til heilbrigðisþjónustu og þess að ríkið sjái Íslendingum fyrir heilbrigðisþjónustu á viðráðanlegu verði. Einnig var á það minnst að æ algengara væri að fólk tryggði sig fyrir veikindum, slysum eða dauðsföllum. Hafa slíkar tryggingar gefist vel. Vel má hugsa sér að fjársterkir aðilar sem hafa þegar mikilvægu hlutverki að gegna í velferðarkerfinu, þ.e.a.s. lífeyrissjóðir taki í auknum mæli þátt í velferðarkerfinu. Væri t.d. hægt að hugsa sér að þeir tæku að sér einhvern hluta af þeirri tryggingastarfsemi sem almannatryggingakerfið annast nú, án þess þó að öryggi og aðgengi yrði skert. Ein útfærsla gæti byggt á því að almenningur greiði einhvers konar iðgjald til lífeyrissjóðs í stað skatta til ríkisins og myndi þá lífeyrissjóðurinn fjármagna heilbrigðisþjónustu fyrir hann sem almannatryggingakerfið hefði ella gert. Einnig mætti hugsa sér að sérstök sjúkrasamlög yrðu sett á laggirnar fyrir slíka starfsemi. Kostir slíks fyrirkomulags eru m.a. þeir að um einkarekið tryggingakerfi væri að ræða sem myndi bera alla sömu kosti og einkarekstur almennt, eins og rakið var að framan. Einnig hefði



fólk val um ólíkar leiðir og ólíka aðila til að tryggja hjá. Rétt er sem endranær að undirstrika mikilvægi þess að ríkið sjái eftir sem áður öllum þeim fyrir heilbrigðisþjónustu sem ekki geta fjármagnað hana með einkareknum tryggingum.

3.3

SAMGÖNGUR: EINKAADILAR Á OKKAR VEGUM

Einstaklingsframtakið hefur um langt árabil notið sín vel í samgöngumálum. Nú er svo komið að allar meðalstórar og stærri framkvæmdir eru unnar af einkaaðilum. Fjármögnun er þó enn að meginstofni til í höndum hins opinbera. Árið 1998 voru Hvalfjarðargöng opnuð fyrir umferð en kostnaður við gerð þeirra nam 4,6 milljörðum króna sem var fjármagnað af einkaaðilum með láni án ríkisábyrgðar. Í upphafi var gert ráð fyrir því að það tæki um 20 ár þar til gögnin borguðu sig upp en ljóst er að það mun taka mun skemmri tíma. Mikil ánægja hefur verið með göngin og er fyllsta öryggis vegfarenda gætt þar. Verður því ekki annað sagt en að reynsla af þessu einkarekna samgöngumannvirki hafi verið góð. Kostir slíks fyrirkomulags eru ýmsir. Auk hinna almennu kosta einkarekstrar eru kostirnir fyrst og fremst þeir að eftir því sem fleiri framkvæmdir eru fjármagnaðar af einkaaðilum, því meira er hægt að lækka skatta. Það verður einnig að teljast réttlátt fyrirkomulag að menn greiði fyrir kostnað sem hlýst af eigin akstri, í stað þess að aðrir greiði fyrir það í gegnum skattkerfið. Viðskiptaráð sér fyrir sér að árið 2015 verði öll ný stærri samgöngumannvirki byggð, fjármögnuð og rekin af einkaaðilum.

EINKAFRAMKVÆMD OG VEGGJÖLD Hafa staðið undir væntingum

Það er í raun tiltölulega auðvelt að reikna út hvort borgi sig fyrir einkaaðila að reisa tiltekið samgöngumannvirki. Það þarf að áætla framkvæmdakostnað, rekstrarkostnað, bílafjölda og veggjöld. Verkræðingar ættu að geta áætlað framkvæmda- og rekstrarkostnað með hliðsjón af öðrum sambærilegum framkvæmdum rétt eins og gert er þegar boðnar eru út framkvæmdir af hálfu hins opinbera. Vegagerðin gerir umfangsmiklar mælingar á umferðarþunga og eru þær upplýsingar aðgengilegar á vef stofnunarinnar, www.vegagerdin.is. Út frá þeim upplýsingum væri hægt að áætla bílafjölda sem færi um tiltekið mannvirki. Veggjöld mættu ekki vera hærri en sparnaður fólks á því að fara um mannvirkið í stað annarar leiðar. Einnig mætti líta til reynslu Hvalfjarðarganganna auk þess

sem hægt væri að gera markaðsrannsókn til nánari glöggvunar. Hagnaður ársins er fundinn með því að draga rekstrarkostnað frá margfeldi veggjalda og bílafjölda. Ef núvirði framtíðarhagnaðar er meira en byggingakostnaður borgar framkvæmdin sig, annars ekki.

Ýmsar vegaframkvæmdir eru nú á teikniborðinu sem vel mætti hugsa sér að einkaaðilar tæku að sér. Má þar m.a. nefna:

<i>Suðurstrandarvegur</i>	<i>0,6</i>	<i>milljarðar</i>
<i>Sundabraut</i>	<i>5</i>	<i>milljarðar</i>
<i>Göng milli lands og eyja</i>	<i>16</i>	<i>milljarðar</i>

3.4 FJÁRMÖGNUN HÚSNÆÐIS Á HENDUR EINKAÐILA

Fyrir alþingiskosningarnar 2003 lofaði Framsóknarflokkurinn því að ríkið myndi veita einstaklingum 90% húsnæðislán. Sambærilegt loforð rataði inn í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Á þeim tíma var almennt lánshámark 65% en þó eigi hærra en 8.000.000 króna. Þessi fjármögnun dugði ekki öllum til að fjármagna húsnæðis kaup sín og leitaði fólk því til banka vegna viðbótarfjármögnunar. Íbúðalánasjóður var því að hefja samkeppni við bankana um þennan hluta fjármögnunarinnar.

Verða það því að teljast eðlileg og fyrirsjáanleg viðbrögð af hálfu bankanna að verja markaðsstöðu sína með því að bjóða upp á sambærileg lán og ríkið. Þessi aðgerð, þ.e. að ríkið sem hefur greiðan aðgang að ódýru fjármagni hefji samkeppni við einkaaðila sem sjá á fjórða þúsund manns fyrir atvinnu, verður að teljast ámælisverð. Íbúðalánasjóður býður nú allt að 90% húsnæðislán þó eigi hærra en 15,9 milljónir.

Viðskiptaráð leggur til að Íbúðalánasjóður hætti samkeppni við banka um lánastarfsemi sem fyrst. Þannig mætti breyta hlutverki Íbúðalánasjóðs í þá veru að hann tryggi þeim lán sem geta staðið í skilum en eiga þó ekki kost á lánum frá bönkunum. Kæmi þar væntanlega fyrst og fremst til skoðunar húsnæði á landsbyggðinni. Í ljósi þess væri vel hugsanlegt að hagkvæmt væri að sameina Bygðastofnun og Íbúðalánasjóð þannig að til yrði ein lánastofnun landsbyggðarinnar.

Til að veita einstaklingsframtakanu meiri aðkomu að slíkri starfsemi mætti hugsa sér að slík stofnun veitti ekki beinlínis lán heldur veitti þess í stað ábyrgð fyrir láni sem banki eða önnur lánastofnun veitti. Árið 2015 ætti ríkið að vera hætt öllum beinum lánveitingum til fyrirtækja og einstaklinga og eftirláta þann markað einkaaðilum á fjármálamarkaði.

3.5

HREINT LAND, FAGURT LAND

Íslensk umhverfisstefna einkennist öðru fremur af höftum á einkaeignarrétt, eftirliti og leyfisveitingum. Einkaaðilar eiga í auknum mæli að axla ábyrgð á þeirri mengun er þeir valda. Ströng skaðabótaskylda, eins og reglur um hlutlæga ábyrgð, þar sem mengunarvaldur borgar (e. polluter pays principle), er betur til þess fallin að koma böndum á mengun heldur en opinberir aðilar og eftirlit þeirra. Slík ábyrgð er rétti hvatinn fyrir einkaaðila til að gæta að umhverfi sínu. Umhverfisskattar eru letjandi á atvinnulífið og því ekki fýsilegir til þess að stuðla að minni mengun. Jafnan er lítt lítið til með almenningum og landi sem ekki er í einkaeign og ónýtist það jafnvel þar sem enginn gætir svæðanna. Einkaeign á laxveiðiám og aflaheimildum eru nærtæk dæmi um hvernig séreignarréttur stuðlar að vernd og skynsamlegri nýtingu auðlinda.

HAGSÝNI RÁÐI FERÐINNI Í UMhverfismálum EN EKKI TILFINNINGAR

Umhverfismál eru í tísku. Vaxandi umræða og áhugi hefur verið á umhverfismálum víða í heiminum og hefur Ísland ekki farið varhluta af þeirri þróun. Þjóðmálaumræða hérlandis hefur einkennst öðrum þræði af slíkri umræðu. Einkennist hún oft af miklum og sterkum tilfinningum og eru menn ýmist flokkaðir sem náttúruverndarsinnar eða óvinir náttúrunnar. Til að umræða um þessi mál verði vitræn er mikilvægt að allir aðilar taki þátt í rökræðunni á sömu forsendum. Það virðist þó sjaldan vera raunin. Náttúruverndarsinnar tala oft út frá tilfinningum sínum og líta á náttúruna sem gæði í sjálfu sér sem hafi þýðingu fyrir þá. Hinar tala oft út frá hagfræðilegum forsendum og telja náttúruna ekki hafa gildi í sjálfu sér heldur hafi hún fyrst og fremst hagfræðilegt gildi sem uppspretta auðlinda. Þessi sjónarmið byggja því á ólíku gildismati en Sókrates sagði að ekki væri hægt að rökræða við aðila sem hefði annað gildismat.

Mikilvægt er fyrir bæði sjónarmiðin, þ.e. náttúruvernd og auðlindanýtingu, að þau geti verið andlag vitrænnar umræðu. Án vitrænnar umræðu ná menn ekki markmiðum sínum í þessum efnum. Því er mikilvægt að finna umræðugrundvöll þar sem sjónarmið beggja eru virt. Hvorki ótakmörkuð nýting auðlinda og náttúru eða engin nýting geta talist æskileg markmið. Nauðsynlegt er að finna rétt og eðlilegt jafnvægi milli verndar og nýtingar. Góð leið til þess er að meta til fjár, það gildi sem menn telja að náttúran hafi í sjálfu sér. Þannig geta náttúruverndarsinnar treyst því að náttúran verð metin að verðleikum og að náttúruþerlum verði ekki fórnað á altari iðnvæðingar og fyrir hina verður náttúran sett í búning sem þeir skilja.

3.6

GAGNGER ENDURSKOÐUN LANDBÚNAÐAR

Landbúnaðarmál hafa verið talsvert í deiglu á undanförunum misserum, m.a. vegna hás matvælavæðs og mikils beins- og óbeins kostnaðar sem fellur til vegna núverandi stefnu stjórnvalda í landbúnaðarmálum. Fjárhagsgrundvöllur bændastéttarinnar er langt frá því að vera viðunandi enda hefur stéttin þurft að búa við mikla kjararýrnun undanfarin ár þrátt fyrir miklar fjárveitingar henni til handa.

Mikilvægt er að setja langtímamarkmið í landbúnaðarmálum og taka styrkjakerfi í landbúnaði til endurskoðunar í heild. Markmiðið ætti að vera það að bændur verði stoltir og ríkir þegnar samfélagsins sem framleiða vörur sem eftirspurn er eftir á markaði. Þannig er óhjákvæmilegt að

bændur þurfi að búa sig undir aukna samkeppni á næstu árum enda er óhjákvæmilegt að gera gangskör að málefnum landbúnaðar.

Mikilvægast er að aflétta innflutningshömlum, tollum og kvótum af ýmsum landbúnaðarvörum sem mun umsvifalaust leiða til lækkunar á matvælaverði í landinu. Að sama skapi ber að endurskoða styrkjakerfi greinarinnar frá grunni. Ein hugmynd væri t.d. að afnema að hluta ríkisstyrki á tímabilinu til ársins 2015 sem veitti stéttinni góðan aðlögunartíma vegna breyttra markaðsaðstæðna.

FJÁRMÖGNUN NÝSKÖPUNAR Í FRAMTÍÐINI

Nýsköpun er drifkraftur atvinnulífsins. Í síbreytilegu umhverfi viðskipta og frampróun er stöðnun það sama og afturför. Nýsköpun er ein af mikilvægustu leiðum viðskiptalífsins til að vaxa og þróast. Í ljósi mikilvægis nýsköpunar ætti atvinnulífið í auknum mæli að beina sjónum sínum að henni og taka í meira mæli ábyrgð á fjármögnun hennar. Gífurlega mikið fjármagn liggur í lífeyrissjóðum landsmanna og mun það fjármagn aukast enn til ársins 2015. Viðskiptaráð leggur til að skoðað verði hvort lífeyrissjóðir geti í auknum mæli komið að fjármögnun nýsköpunar, enda er þar

um mjög þolinmótt fjármagn að ræða. Ef talið verður heppilegt að ríkið komi áfram að nýsköpun telur Viðskiptaráð æskilegt að hlutverk þess breytist til ársins 2015. Heppilegra er að í stað beinna fjárveitinga, lánveitinga eða fárfestinga þá verði aðkoma ríkisins frekar í formi skattaívilnunar til nýsköpunarfyrirtækja eða ábyrgða. Svipuð sjónarmið gilda um Bygðastofnun. Æskilegt væri að stutt yrði við atvinnustarfsemi á landsbyggðinni fremur með ábyrgðum og skattaívilnunum fremur en beinum lánveitingum eða fárfestingum.

3.7 SJÁVARÚTVEGSMÁL

Þrátt fyrir mikinn uppgang í ýmsum greinum, svo sem iðnaði, fjármálastarfsemi og ferðaþjónustu er útvegurinn enn ein mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar. Ótrúlegt verður að teljast hve öflugur útvegurinn er miðað við þau höft og þá ríkisforsjá sem þessi grein þarf að búa við. Enginn rök standa til þess að svo ætti að vera um þessa atvinnugrein fremur en aðrar mikilvægar greinar, svo sem áliðnað, ferðaþjónustu eða fjármálastarfsemi. Til ársins 2015 er því rétt að leggja áherslu á það að höftum verði aflétt af greininni. Öll þessi höft kalla á mikið eftirlit af hálfu opinberra aðila sem bitnar hart á útgerðinni og skattgreiðendum. Með því að afnema höft af greininni skapast svigrúm til að færa eftirlit og rannsóknir til atvinnugreinarinnar og leggja því niður þær ríkisstofnanir sem hafa sinnt þessu hlutverki hingað til. Á árinu 2005 fengu þessa stofnanir greiðslur úr ríkissjóð að fjárhæð rúmlega 1,3 milljarðar króna.

Það er óeðlilegt að þessar stofnanir útvegsins, sem hafa þann tilgang að hámarka arðsemi greinarinnar séu kostaðar af skattgreiðendum. Skýr og óskoraður eignarréttur er forsenda efnahagsframfara. Það væri hagkvæmt að viðurkenna beinan eignarrétt útvegsins að aflaheimildum. Sjávarútvegurinn býr við þá sérstöku stöðu að vera að nánast öllu leyti stýrður af ríkisvaldinu. Svonefnt auðlindagjald mismunar sjávarútvegi gagnvart öðrum atvinnugreinum sem nýta auðlindir og getur í mörgum tilfellum verði skattlagning á tap. Ekkert hefur heldur spurst til þjóðarsáttarinnar um sjávarútveg sem gjaldið átti að mynda.



3.8

HÆTTUM SAMKEPPNI RÍKISFYRIRTÆKJA VIÐ EINKAÆÐILA

Fyrir rúmlega ári síðan var spurt að því í skoðun Viðskiptaráðs hvort ríkisvæðing væri að taka við af einkavæðingu. Var tilefnið ábending Ríkisendurskoðunar um að fjölmargar ríkisstofnanir hefðu farið fram úr fjárlögum. Áður hafði Viðskiptaráð bent á að samhliða almennri einkavæðingu ríkisfyrirtækja hefur ríkisstofnunum fjölgað undanfarin ár og rekstur þeirra orðið sífellt umfangsmeiri. Þá er þátttaka ríkisins í atvinnulífinu enn umfangsmikil þótt lítið fari fyrir henni í daglegri umræðu.

Fram kom í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi í upphafi ársins 2005 að ríkið á hluti í hátt í 200 félögum, hlutafélögum og einkahlutafélögum, ýmist með beinum hætti eða í gegnum

fjárfestingasjóði sína eins og Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóð. Eignarhlutur ríkisins í þessum félögum er allt frá 100% (dæmi: Íslandsþóstur hf., Flugstöðin hf., Markmar ehf.) niður í 0.1% (dæmi: Stofnfiskur hf.). Flest þessara félaga eru í atvinnurekstri sem keppir með beinum hætti við aðra einkaaðila á markaðinum. Það er auðvitað ekki ásættanlegt að ríkið brengli með þessum hætti aðstæður á markaðinum á ógagnsæjan máta í gegnum eignaraðild að hlutafélögum. Viðskiptaráð telur brýnt að ríkið hverfi frá þessari beinu þátttöku í fyrirtækjum sem betur væru komin í einkarekstri.

Ef horft er framhjá hlutafjáreign ríkisins eru það ríkisstofnanir sem þarf að hemja. Þeim hefur ekki bara fjölgað undanfarin ár heldur einnig stækkað. Allar þessar stofnanir hafa lögbundnu hlutverki að gegna sem yfirleitt er nokkuð skýrt afmarkað. Það blasir hins vegar við að í mörgum tilvikum fer starfsemi ríkisstofnana út fyrir hið lögbundna hlutverk þeirra. Það er oft og tíðum kannski ekki nema von enda liggja gjarnan óljós mörk milli þess sem menn telja ríkið eitt hafa getu til eða eiga að framkvæma og þess sem markaðurinn sinnir alla jafna. Um leið og einkaaðilar haslar sér völl á ákveðnu sviði á það að vera regla, en ekki undantekning, að lögð séu niður sambærileg verkefni hjá ríkisstofnun.

SKÝRSLA FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIS UM SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA

Í apríl 1996 gaf fjármálaráðuneyti út athygliverða skýrslu sem nefndist Bætt samkeppnisstaða Íslands í framtíðinni. Var skýrslan afrakstur vinnu starfshóps um sama efni sem skipaður var af þáverandi fjármálaráðherra, Friðriki Sophussyni. Rauði þráðurinn í skýrslunni er sá að samkeppni sé ein megin undirstöð framþróunar. Fram kemur í skýrslunni að um þriðjungur atvinnustarfsemi sé rekin án þess að um neina samkeppni sé að ræða. Er þar oftinnis um að

ræða atvinnustarfsemi sem ríkið sinnir og erfitt, ef ekki ómögulegt, er fyrir einkaaðila að komast inn í vegna gífurlega sterkar stöðu ríkisins. Ríkið er jafnframt í starfsemi þar sem samkeppni er fyrir og skekkir þar stöðuna til muna. Verður vart sagt að um frjálsa og eðlilega samkeppni sé að ræða þar sem ríkið er í atvinnurekstri. Það eykur enn á þessa misjöfnu samkeppnisstöðu að margar ríkisstofnanir innheimta ekki virðisaukaskatt af þjónustu við aðra opinbera aðila.

3.8.1

FJÖLDI RÍKISSTOFNANA RÍFLEGA 1000!

Þegar fjallað er um ríkisstofnanir er vert að hafa í huga að hin ýmsu embætti ríkisins falla undir þá skilgreiningu að vera ríkisstofnanir, þótt almennt sé ekki litið svo á. Þannig eru til dæmis héraðsdómsstólar og sýslumannsembætti um land allt talin til ríkisstofnana. Fjöldi ríkisstofnanna telst því um 1.000. Viðskiptaráð telur að auðveldlega mætti fækka stofnunum (embættum) ef vilji væri til þess. Reyndar er þróunin í þá átt eins og nýlegar fréttir af áformum dómsmálaráðherra um að fækka lögregluembættum.

Af þessum 1.000 ríkisstofnunum má hins vegar telja a.m.k. um 30 þess eðlis að um samkeppni þeirra geti verið að ræða við einkaaðila. Er þar aðallega um að ræða hinar hefðbundnu ríkisstofnanir eins og menn hafa tilhneigingu til að skilgreina þær; stofnanir sem hafa einhvers konar víðtækara þjónustuhlutverki að gegna heldur en þeirri þjónustu sem leiðir af stjórnsýslunni.

3.8.2

SÉRTEKJUR RÍKISSTOFNANA - HVAR LIGGJA MÖRKIN?


Aðhald í ríkisrekstri hefur aukist á undanförunum árum og eru gerðar kröfur til forstöðumanna ríkisstofnanna um að þeir hagræði og sýni ráðdeild í rekstri. Til þess verður þó að líta að stofnanir hafa tilhneigingu til að blása út og það virðist oft ranglega vera viðhorf að um sé að ræða velrekna stofnun ef útgjöld hennar aukast jafnt og þétt. Þannig má leiða líkum að því að ef framlög frá ríkissjóði til stofnana minnka eða aukast minna en áður, leitist stofnanir við að finna önnur úrræði til að afla tekna. Þess vegna er ekki úr vegi að velta því upp hvort stofnanir reyni að afla sér aukinna tekna með því að útfæra starfsemi sína.

Stofnanir krefjast þá annað hvort heimildar til að innheimtu þjónustugjöld fyrir nýju þjónustu eða að stofnunin selur einkaaðilum þjónustuna, eins og einkaaðili væri. Í báðum tilvikum er ekki ólíklegt að stofnunin sé að fara inn á svið sem einkaaðili hefur áður sinnt eða gæti sinnt jafnvel, ef ekki betur heldur en opinber aðili.


3.9

RÍKIÐ Á AÐ RIFA SEGLIN

Hlutfall ríkisins í samneyslu hefur minnkað nokkuð frá árinu 1995 en mikilvægt er að hið opinbera haldi áfram að rífa seglin. Mikill vöxtur hefur verið í stjórnkerfinu á síðustu árum og mikilvægt er að sameina ráðuneyti í auknum mæli og leitast við að ná fram sömu hagræðingu í rekstri opinberra stofnanna og náðst hefur á samkeppnismarkaði. Að sama skapi ber að leita leiða til að færa verkefni frá opinberum stofnunum til einkaaðila, svo nokkur atriði séu nefnd. Ærin ástæða er til enda sýnir neðangreind mynd að hlutfall samneyslu af VLF á árunum 1980-2004 er allt of hátt og settur er fram sá möguleiki að árið 2015 verði samneysla komin niður í fimmting af landsframleiðslu - hið minnsta. Mikilvægt er að láta ekki blekkjast þótt hlutfall samneyslu af VLF hafi farið lækkanði frá árinu 1995 enda er eina örsök þess mikill hagvöxtur. Það þarf enginn að velkjast í vafa um að hið opinbera hefur vaxið ört og ef hægir á hagvexti mun hlutfall samneyslu af VLF aukast gríðarhratt vegna þessa. Það er eðlileg krafa að ríki og sveitarfélög rífi seglin enda er skriðþungi hins opinbera mikill þegar harðnar á dalnum.




**HLUTFALL SAMNEYSLU AF VLF
OG SPÁ TIL ÁRSINS 2015**



LYFTUM LAMANDI HÖND RÍKISVALDSINS AF LAUNAPRÓUN

Sé litið til launaþróunar nokkurra stétta í landinu blasir við miður fögur sýn á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Lægstar eru meðaltekjur í landbúnaði, ófaglærðum þjónustustörfum og á sviðum heilbrigðis- og félagsþjónustu - þeim sviðum þar sem ríkisafskipti eru regla frekar en undantekning. Meðalmánaðarlaun í aðalstarfi árið 2004 voru tæpar 230 þúsund krónur. Fram kemur að starfsfólk í landbúnaði er að meðaltali með tæpar 90.000 krónur í

mánaðarlaun - eða tæplega þrisvar sinnum lægri laun en að meðaltali. Svipaða sögu er að segja af störfum í félagsþjónustu og á heilbrigðissviði en mánaðarlaun þeirra stétta eru í kringum 190.000, sem er rétt um 20% undir landsmeðaltali. Á hinum endanum er starfsmenn í fjármálaþjónustu og fiskveiðum sem hafa ríflega 350.000 krónur í mánaðarlaun.




MEÐALATVINNUTEKJUR EFTIR AÐALSTARFI, 1998-2004, Í ÞÚSUNDUM KRÓNA

Þróun launatekna í landbúnaði og félagsþjónustu eru mikið áhyggjuefni og full ástæða til velta þeirri spurningu upp hvort það sé tilviljun ein sem ráði því að lægst launuðu störf in í samfélaginu eru þau þar sem ríkisafskipti eru einna mest?

3.10

AÐGERÐAÁÆTLUN TIL ÁRSINS 2015

- Einkaaðilum verði í auknum mæli treyst til að reka heilbrigðisstofnanir.
- Kynna Ísland sem land heilbrigðis.
- Einkaaðilar taki við fleiri þáttum almannatryggingakerfis.
- Einkaaðilar byggi, fjármagni og reki fleiri samgöngumannnvirki.
- Ríkið hætti að stunda samkeppni við bankana um fjármögnun íbúðarhúsnæðis.
- Afnema tolla og landbúnaðarstyrki og aflétta höftum af bændum.
- Ríkið hætti að stunda samkeppni við einkaaðila.
- Fækka ráðuneytum.
- Fækka stofnunum án þess að það valdi auknum kostnaði.



„TENINGUNUM ER KASTAÐ!“

„ALEA IACTA EST!“

JÚLÍUS SESAR, (102-44 F.K.) VERNDARI RÓMAR

NIÐURSTAÐA:

VIÐ ERUM OF FÁ TIL AÐ TALA EKKI SAMAN

Við erum lítill þjóð.

Þrátt fyrir smæð landsins og fámenni er ekki algenzt að fólk úr mismunandi geirum þjóðlífsins ræði saman á breiðum grundvelli og líti til framtíðar. Viðskiptaráð Íslands vonar að vinna framtíðarhópsins sé upphaf að meiri samræðum manna á milli svo úr verði deigla hugmynda.

Vinna framtíðarhópsins gekk feikivel og samhljómur ríkti í hópnum um bjartar horfur Íslands til ársins 2015 - og áfram.

Fundarmönnum var tíðrætt um samspil menningar, viðskipta og afþreyingar og að þessir grunnþættir tengist órofa böndum á Íslandi framtíðarinnar. Miklu fleiri hugmyndir komu fram en tækifæri var til að koma á blað. Margar þeirra munu án efa koma fram síðar í útgáfu Viðskiptaráðs.

Umræðan var skapandi og spruttu margar frjóar hugmyndir úr þeim jarðvegi sem Viðskiptaráð skapaði á fundunum í Þjóðmenningarhúsinu. Er öllum þeim sem komu að þessari vinnu færðar hinar bestu þakkir.

Menn forðast jafnan að rugga bátnum; kjósa frekar að halla sér í lúkarnum og láta aðra um stýra þjóðarskútunni í örugga höfn. Það ríður mikið á að fólk láti til sín taka — ekki bara á sviði viðskipta, menntunar eða lista heldur í þjóðlífinu öllu. Enginn er eyland og með samþættingu ólíkra þátta samfélagsins tryggjum við að heildin verði ávalt stærri summu liðanna.

Stór hluti Íslendinga starfar nú á alþjóðavettvangi. Sú staða gerir fólki kleift að líta til heimalandsins úr fjarlægð og fá þannig sýn yfir hvað megi betur fara og hvað er betur gert hér en annars staðar. Það kom skýrt fram í vinnu framtíðarhóps Viðskiptaráðs að fundarmenn láta sig framtíð Íslands miklu varða.

Hluti af því að líta til framtíðar er að gaumgæfa stöðuna í dag og meta kosti hennar og galla. Ef okkur lánast að hagnýta kostina og láta þá vega upp gallana er okkur ekkert að vanbúnaði. Hugsum stórt — það eru forréttindi að vera lítil þjóð enda þurfum við minna átak en stórþjóðir til að lyfta grettistaki.

Þankatankar draga vagninn víða um heim í umræðu um þróun samfélagsins. Slíkar hugveitir starfa óháð stjórnvöldum og þiggja ekki styrki frá hinu opinbera. Íslenskir þankatankar eiga að vera stjórnámálamönnum og öðrum þeim sem vilja bæta samfélagið jafngóður brunnur hugmynda og aðhalds árið 2015 og þeir eru um þessar mundir. Slíkir aðilar njóta trausts til að vinna hugmyndir með hugsjónina eina að leiðarljósi — og með því að fá sem flesta aðila til liðs við sig.

Meginverkefni Viðskiptaráðs er að starfa sem þankatankur í íslensku samfélagi og láta ekkert afskipt. Góðar hugmyndir hljóta þannig brautargengi hvaðan sem þær koma enda skiptir engu máli hvaðan gott kemur. Við stöndum til reiðu að rugga bátnum.

Við hvetjum aðra til að gera slíkt hið sama.





NOKKRIR FÉLAGSMENN VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

ALCOA- FJARÐARÁL	ANZA HF.	AP ALMANNATENGIS L EHF.	APÓTEKARA- FÉLAG ÍSLANDS	ASKIL HF.	AUK EHF	AX HUGBÚNAÐARHÚ S	ÁRNI SIEMSEN	ÁRVÍK HF.
ÁSBJÖRN ÓLAFSSON EHF.	ÁSGEIR EINARSSON EHF.	BERGOAL EHF.	BERNH. PETERSEN EHF.	BIK EHF.	BÍLASMIDURINN HF.	BÍLGREINA- SAMBANDIÐ	BOGI ÓSKAR PÁLSSON	BREKKUHÚS EHF
BRIMBORG EHF.	BRÆÐURNIR ORMSSON EHF.	BURÐARÁS HF.	BÆJARINS BESTU SF.	CAPITAL EHF	CARTA CAPITAL EHF	CONGRESS REYKJAVÍK	DAVÍÐ S. JÓNSSON & CO. EHF.	DELOITTE HF.
DHL HRADFLUTNINGA R EHF.	DREIFING EHF.	DUNEDIN Á ÍSLANDI SF.	E. ÓLAFSSON EHF.	EIGNAMID EHF.	EIGNARHALDS- FÉLAGIÐ FASTEIGN HF	EIGNARHALDS- FÉLAGIÐ HOF HF.	EIGNAUMBODIÐ EHF.	EINN-TVEIR, FLEX BOUTIQUE
ELÁS EHF.	ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF EHF.	ENNEMM	EPAL HF.	FALUR EHF.	ÚRVAL ÚTSÝN HF.	FERÐASKRIF- STOFA VESTURLANDS	FÉLAG RAFTÆKJA- HEIÐSALA REYKJAFELL	FÉLAG RÁÐSJAFAR- VERKFRÆÐINGA
FJÖLVER EHF.	FRAM FOODS HF.	FRAMTÍÐARSÝN HF.	FRANCH MICHELSEN EHF.	FRUMHERJI HF.	FULLTINGI EHF.	FÖNN EHF.	GENÍS EHF.	GEYSIR- FJÁRFESTINGA- FÉLAG EHF.
GOTT FÓLK MCCANN ERICKSON	GÓLFEINI OG PRIF EHF.	GUDMUNDUR ARASON EHF.	GUNNAR HELGI HÁLÐANARSON	H. BENEDIKTSSON HF.	HALLSTEINN EHF.	HANS CONSULTING	HEILDVERSLUNIN GASA EHF.	HÉRAÐSVERK EHF.
HGK EHF.	HIMINN SF.	HITAVEITA SUDURNESJA	HJALLASTEFNAN EHF.	HOFFELL SF.	HOLLENSKA AÐALKONSÚLATI Ð	HRÓMUNDUR EHF.	HVALUR HF.	HVÍTA HÚSIÐ EHF.

HYRNA EHF.	HÖNNUN HF., VERKFRÆÐISTOFA	ISKOD EHF/CECOC EHF.	ÍSAGA EHF.	ÍSFÉLAG VESTMANNAEYJA HF.	ÍSLANDSPÓSTUR HF.	ÍSLENSKUR MARKAÐUR EHF.	ÍSÖL EHF.	JARDEFNA- IDNAÐUR EHF.
------------	-------------------------------	-------------------------	------------	---------------------------------	----------------------	----------------------------	-----------	---------------------------

JOCO L. M. JÓHANNSSON EHF.	JÓN HJARTARSON EHF.	K. ÞORSTEINSSON & CO. EHF.	KAUÐHÖLL ÍSLANDS	KAUPSEL HF.	KEMIS EHF.	NAFN FYRIRTEKIS	KISTUFELL EHF. VARAHLUTA- VERSLUN	KLAPPARÁS EHF.
----------------------------------	---------------------------	----------------------------------	---------------------	-------------	------------	--------------------	---	----------------

KPMG ENDURSKOÐUN HF.	KVÓTABANKINN EHF.	LATIBÆR EHF.	LÁNASJÓÐUR VESTUR- NORÐURLANDA	LÍÐSINN EHF.	LÍFLAND, MJÓLKURFÉLAG REYKJAVÍKUR HF.	LÖGFRÆÐIST. SUDURLANDS- BRAUT & SF.	LÖGMANNSSTOF A ÓLAFS GÚSTAFSSONAR HRL. SF.	MÁLNING EHF.
----------------------------	----------------------	--------------	--------------------------------------	--------------	--	---	---	--------------

MEDCARE EHF.	MIDLUN EHF.	MS ÁRMANN SKIPAMIDLUN EHF	MS BÚÐARDAL	MS REYKJAVÍK	NESSKIP HF.	NETINTERNALS ÍSLAND EHF.	OLÚFÉLAGIÐ EHF.	OUTCOME HUGBÚNAÐUR EHF,
--------------	-------------	---------------------------------	-------------	--------------	-------------	-----------------------------	--------------------	-------------------------------

ÓB RÁÐGJÖF EHF.	P. SAMUELSSON HF.	PAPCO HF.	RADISSON SAS HÓTEL SAGA EHF.	RÁÐGJÖF & EFNAHAGGSPÁR EHF.	ROLF JOHANSEN & CO.EHF.	SAMTÖK ATVINNULÍFSINS	SECURITAS EHF.	SIGUNGASKÓLIN N
--------------------	----------------------	-----------	------------------------------------	-----------------------------------	----------------------------	--------------------------	----------------	--------------------

SINDRA-STÁL HF.	SJÓLASKIP HF.	SKAFTPELL	SKEFJAR HF.	SKÓLI ÍSAKS JÓNSSONAR	SLÁTURFÉLAG SUDURLANDS SVF.	SLIPPFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK HF.	SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐA R	SVAROG EHF.
-----------------	---------------	-----------	-------------	--------------------------	-----------------------------------	---------------------------------	----------------------------------	-------------

SÝNINGAKERFI EHF.	SÆVÖRUR HF.	TANNLEKNINGA- STOFA P. SIGÞORSSONAR	RADISSON SAS HÓTEL SAGA EHF.	URÐUR VERÐANDI SKULD EHF	ÚTFARARSTOFA KIRKJU- GARÐANNA	ÚTFARAR- ÞJÓNUSTAN EHF.	VÁTRYGGINGAR- FÉLAG ÍSLANDS HF.	VERÐBRÉFA- SKRÁNING ÍSLANDS HF
----------------------	-------------	---	------------------------------------	--------------------------------	-------------------------------------	----------------------------	---------------------------------------	--------------------------------------

VERÐBRÉFA- STOFAN HF.	VERK. OG KERFISFRÆÐI- STOFAN HF.	VERKFR. STOFA SIGURDAR THORODDSEN HF.	VERSLUNIN BRYNJA EHF.	PEKKINGARHÚSI Ð EHF.	ÞORMÓÐUR RAMMI-SEBERG HF.	ÆGISÍÐA	ÖLDUNGUR HF.	ÖSSUR HF.
--------------------------	--	--	--------------------------	-------------------------	---------------------------------	---------	--------------	-----------



VÍSKAFTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE